



NORRÆNA MÓDELIÐ

–HVERS ER KRAFIST?

Aðgerðir sem geta tekist á við áskoranirnar



JESPER BENGTTSSON



FOTO: JESSICA GOW/TT

STEFNUMÖRKUN Á HUGMYNDAFRÆÐILEGUM GRUNNI

NORRÆNA SAMFÉLAGSMÓDELIÐ hefur skilað afbragðsgóðum árangri. Módelið byggist á blöndu ábyrgrar efnahagsstefnu, krafti til nýsköpunar, velferð og öflugum aðilum á vinnumarkaði. Þannig hafa myndast samfélög með mikilli velmegun, umfangsmiklu velferðarkerfi og gæðalífi mikils meirihluta íbúa. Módelið bjó um langa hrið við árásir nýfrjálshyggjumanna og annarra afla sem litu svo á að það hefði lokið hlutverki sínu og að það myndi aldrei virka á tímum hnattvæðingar. Enn eru gerðar að því atlögur en það hefur sýnt sig að módelið hefur ekki aðeins náð að lifa af, þrátt fyrir þróun undanfarinna áratuga í átt til aukinna viðskipta á heimsvísu, umfangsmikilla breytinga í efnahagsmálum og stafrænna samskipta sem við gátum ekki látið okkur dreyma um bara einni kynslóð fyrr. Staðreyndin er sú að módelið hefur sannað sig sem besta leiðin til að koma um kring hnattvæðingu með mennsku yfirbragði.

Både tillväxt och jämlikhet

Á okkar dögum á norræna módelið sér stóran hóp stuðningsmanna. Þá er auðvitað að finna á Norðurlöndum en líka í öðrum heimshlutum. Tímaritið *The Economist*, sem er langt frá því að vera einhvern áróðursþési fyrir félagshyggju, birti meira að segja fyrir nokkrum árum hrósgrein um það með mynd af víkingi og fyrir sögnina: Næsta ofurmódelið (*The Next Supermodel*). Í tímaritsgreininni var farið yfir mörg svið þar sem Norðurlöndin hafa jafnað sig betur en flest önnur ríki eftir síðustu fjármálakreppu og niðurstaðan var þessi:

»Ætti maður að endurfæðast einhvers staðar í heiminum með hæfileika og tekjur í meðallagi, væri góður kostur að verða víkingur.«¹

Menn á hægri væng stjórnmála hafa löngum verið vantrúaðir á hina ýmsu þætti móðelsins en ekki er víst að þeir séu það lengur. Í mörgum löndum styðja flestir flokkar á öllu pólitíska litrófinu grunnstoðir norræna móðelsins, allt frá vinstri til hægri. Síðar munum við fjalla um mikilvæga ástæðu þessa, það er að norræna móðelinu hefur tekist að sameina efnahagsvöxt og jöfnuð. Það hefur einnig tekist að endurnýja móðelið á alvarlegum krepputímum og við umbreytingar í umheiminum sem þrýstu alvarlega á grunnstoðir þess.

Þessi staðreynd er ein helsta skýringin á hrósgreininni í The Economist. Tímaritið fjallaði um afreglun og einkavæðingu í opinbera geiranum sem þátt í sveigjanleika móðelsins.

Hinar ýmsu hliðar móðelsins hafa verið aðlagðar þannig í gegnum tíðina. Gagnrýnendur þess hafa engu að síður dæmt það úr leik sem ónothæft í hvert skipti sem kreppt hefur að. Það hefur þó samt sem áður sýnt sig að móðelið stenst og að greinilegt er að í kjölfar fjármálakreppunnar sem skall á 2008 hafa Norðurlöndin, þrátt fyrir öll sín vandamál, staðið sig betur en mörg önnur samanburðarhæf lönd. Þetta var orðað þannig í The Economist: »Norðurlöndunum hefur tekist að sniðganga bæði efnahagsvanda ríkja Suður-Evrópu og hinn gríðarlega ójöfnuð sem einkennir Bandaríkin.« Í raun bendir margt til þess að norræna móðelið muni ekki hrynja. Það er þvert á móti eðlilegt pólitískt svar þess sem vill sjá samfélag samheldni og réttlætis við áskorunum hnattvæðingar.

Ögrandi þróun

Að þessu sögðu hljómar það undarlega, svo stappar nærri vænisyki, að ræða um að fólk þurfi að gera sér aukna grein fyrir hættum sem steðja að framtíð norræna móðelsins. Svo virðist sem allir kunni að meta það. Ekki verður betur séð en það virki ágætlega!

En auðvitað er stór munur á því sem

sagt er í hátíðarræðum og á pólitískum veruleika, rétt eins og á við um um lýðræði og mannréttindi. Þótt staðreyndir sýni að móðelið sé nothæft á tímum hnattvæðingar, kemur það ekki í veg fyrir að þróunin feli í sér þætti sem ógna því.

Í fyrsta lagi snýst málið um pólitískar áskoranir. Þegar The Economist lýsir framtíð móðelsins minna tillögur tímaritsins á leiðbeiningar um niðurrif. Þær snúast um áframhaldandi miklar skattalækkanir sem ógna myndu velferðarstöð norræna móðelsins og umtalsverða afreglun á vinnumarkaði sem ógna myndi annarri grunnstöð móðelsins. Þegar Moderaterna, sænskur íhalds- og frjálsbyggjuflokkur, endurnýjaði stefnumörkun sín fyrir kosningarnar 2006, snerist mikilvægur hluti hennar um að lýsa yfir stuðningi við »sænska móðelið«. Í stefnu flokksins fólust þó engu að síður í raun gríðarlegar skattalækkanir að upphæð 140 milljarða SEK og dýr þátttaka í fagfélögum. Það leiddi til mikillar fækkunar í stéttarfélögum og dró úr áhrifum þeirra á vinnumarkaði.

Móðelinu stendur þannig oft ógn af áþreifanlegum pólitískum tillögum sem ætlað er að grafa undan því, jafnvel þótt þeir sem leggi þær til áliti þær styðja við það.

Norræna móðelið byggist á víðtækum stuðningi við hinar ýmsu hliðar þess, stuðningi sem þarf að vera til staðar hjá bæði íbúunum og í flokkum og samtökum hins borgaralega samfélags.

Í öðru lagi snýst það um víðtæk samfélagsleg ferli sem kalla á breytingar og umbætur, líka hjá þeim sem vilja halda grundvelli móðelsins.

Þess vegna er hér fjallað um það hvað norræna móðelið er, hvernig það varð til og þróaðist, en líka um þær áskoranir sem við því blasa. Samfélagið heldur áfram að breytast hröðum skrefum og fella verður norræna móðelið að nýjum veruleika. Atvinnulífið er að breytast ört og verða óöruggara. Aukin stafvæðing og netvangsefnahagur, för fólks og veikari samtök á vinnumarkaði, bæði hvað stéttarfélög og launagreiðendur áhrærir.

Við þessar aðstæður þarf enn á ný að takast á við stefnumörkun. Eigum við að fórna módelinu? Á að fjarlægja grundvöll þess og láta markaðinn sjá um framhaldið? Eða eigum við að líta á kosti móðelsins

og aðlaga það svo það lifir af? Þessir tveir kostir færa okkur tvö mjög ólík samfélög. Vilji menn velja því fyrir sér hver þau eru, má spyrja sig þriggja spurninga:

Hvers konar samfélag fáum við ef við samþykkjum þróun þar sem lönd og samfélög keppa hvert við annað um sífellt lægri laun og lakara starfsumhverfi?

Hvers konar samfélag fáum við ef við gerum allt sem í okkar valdi stendur til að styrkja stöðu launþega og halda samfélaginu heildstæðu þannig að félagslegur og efnahagslegur munur aukist ekki bara?

Hvort þessara samfélaga kýst þú?

Hvað þarf til þess að tryggja stöðu móðelsins?

Sá sem kýs samfélag með félagslegum og efnahagslegum jöfnuði hefur líka gildar ástæður til að velja því fyrir sér til hvaða aðgerða þarf að grípa svo hægt sé að þróa þannig samfélag áfram. Til hvaða aðgerða þarf þá að grípa? Í þessari skýrslu eru nokkrar mögulegar tillögur lagðar fram. Fjallað verður um tillögur á sviðum sem hafa áhrif á forsendur þess að norræna móðelið hafi það af. Með mikilli einföldun er hægt að draga þessa þætti saman í þrjú yfirskipuð atriði sem einnig má líta á sem áskoranir gagnvart verkalyðssamtökum Norðurlandanna.

1. Verkefnið kallar á gríðarlega og varanlega virka eflingu starfshæfni á vinnumarkaði. Fólk þarf stöðugt að hafa tækifæri til að endurmennta sig og læra eitthvað nýtt. Aðeins þannig er hægt að koma til móts við stöðugt hraðari þróun nýrrar tækni og stafvæðingar auk þeirrar tilhneigingar að staða sífellt fleiri á vinnumarkaði verði óörugg með tilfallandi skammtíma störfum, hlutastörfum og óöryggi í ráðningum. Þróa verður eflingu starfshæfni í

samstarfi við vinnuveitendur, stéttarfélög og stjórnmalakerfið og beinast að starfshæfni í átt að sjálfbærni samfélagi hvað umhverfið varðar.

2. Þörf er fyrir viðtækar aðgerðaáætlanir, bæði í hverju landi fyrir sig og gagnvart ESB gegn félagslegum undirboðum á vinnumarkaði. Þannig er komið í veg fyrir að laun rýrni og starfsskilyrði versni. Félagsleg undirboð fela í sér þá hættu að kippt verði úr sambandi fyrirkomulagi skipulagðs vinnumarkaðar þar sem stéttarfélög og vinnuveitendur vinna saman að aukinni framleiðni og samkeppni á grundvelli gæða í stað verri skilyrða.

3. Það kallar á enn ýtarlegra skipulag á vinnumarkaði. Fjölga verður í stéttarfélögum og margt þarf að leggja á sig til að afla fleiri félaga. Fleiri fyrirtæki verða einnig að eiga aðild að samtökum vinnuveitenda og samstarf þeirra þarf að byggja á trausti, eigi norræna móðelið að hafa það af.



TILLÖGUR ÞÆR SEM kynntar eru í skýrslunni byggjast fyrst og fremst á því starfi sem unnið var með fyrri skýrslum. Annars vegar er um að ræða Stéttarfélög og framtíð norræna móðelsins (Facket och den nordiska modellens framtid) eftir Mats Wingborg. Þar er fjallað um þátttöku í stéttarfélögum og þörfina fyrir ýtarlegt skipulag verkalýðsmála. Hins vegar er það skýrslan Framsækin stefna í málefnum atvinnulífsins – áskoranir norræna móðelsins (En progressiv arbetslivspolitik – den nordiska modellens utmaningar) eftir Håkan A Bengtsson en þar fjallar hann um breytingar á pólitísku regluverki norræna móðelsins. Í báðum skýrslum er lagður fram fjöldi tillagna að breytingum. Þær eru teknar með í atriðaskrá í lok þessarar skýrslu. Ég vil engu að síður tilgreina nokkrar þeirra strax í inngangi.

Framsækin vinna að eflingu starfshæfni og gegn félagslegum undirboðum þarf að:

1. Finna jafnvægi á milli andstöðu og aðlögunar. Verkalýðshreyfingin getur ekki haft það að markmiði að »standa bara í vegi fyrir« þróuninni, jafnvel þótt fyrir því geti stundum legið rök, hún þarf að leggja á ráðin um hvernig hún heldur styrk sínum og fær fólk til liðs við sig í nýju samfélagi.
2. Samhæfa stefnu Norðurlandanna í ESB til þess að efla móðelið og finna jafnvægi á milli þess að tryggja rétt Norðurlanda til sjálfsákvörðunar og þarfarinnar fyrir að styrkja lágmarksviðmið í öðrum ríkjum ESB.
3. Nýta svigrúmið í hverju landi fyrir sig til að vernda samábyrga velferð og heildarsamninga á vinnumarkaði. Skerpa reglurnar.
4. Vinna að því að heils dags starf og fastráðningar sé reglan, ekki undan-tekningin.
5. Skerpa á stefnu um innkaup með félagslegum kröfum (t.d. kröfum um sameiginlegan samning).
6. Auka eftirlit með því að farið sé að lögum og reglum. Efla samstarf stéttarféлага, vinnuveitenda og yfirvalda.
7. Standa betur að eflingu starfshæfni og endur- og símenntunar. Leggja meira í verkið en áður hefur sést á þessu sviði.
8. Gera skýra grein fyrir hlutverki vinnuveitenda og réttindum launþega í netvangsefnahagskerfinu.
9. Hefja pólitíska og faglega framsókn um skilyrði á vinnumarkaði, ekki síst hvað varðar ungt fólk.

Ætli verkalýðshreyfingin að fjölga félögum, þarf hún að gera eftirfarandi:

1. Auka skilning sinn á bráðri þörf. Allir innan verkalýðshreyfingarinnar verða að gera sér grein fyrir því að það dugar ekki að starfa af gömlum vana (business as usual). Þá fækkar í stéttarfélögum. Snúa þarf þróuninni við og það gerist ekki af sjálfu sér.

2. Átta sig á því hvað fær fólk til að verða félagar. Á okkar tímum þarf fólk ástæðu til þess að ganga í stéttarfélög. Stéttarfélögin verða því að geta sannfært fólk um að fyrir því séu góð rök.

3. Útskýra þarf kosti stéttarfélaga. Öflug verkalýðshreyfing er forsenda þess samfélagsmóðels sem við höfum mótað.

4. Veita gagnkvæman stuðning í hverju landi fyrir sig. Stéttarfélög með hlutfallslega mikla þátttöku ættu að aðstoða þau félög sem eiga í vandræðum með að afla sér nýrra félaga og styrkja stöðu sína.

5. Efla stéttarfélögin með fjölgun félaga. Stéttarfélögin þurfa sjálf að meta það starf að verðleikum sem unnið er til að skipuleggja þátttöku í verkalýðsfélögum og leggja meira fjármagn í það.

6. Að gefa upplýsingar í tíma. Ungu fólki finnst það ekki augljóst að það ætti að ganga í stéttarfélög. Fræða þarf fólk sem fyrst, bæði innan skólakerfisins og atvinnulífsins.

7. Fólk þarf að læra hvert af öðru og styðja hvert annað. Norræn verkalýðssamtök geta lært marga af jákvæðum dæmum um úrbætur og framtaksverkefni í öðrum norrænum löndum en norræna módelið nýtur einnig góðs af öflugum verkalýðssamtökum á heimsvísu.

SKÝRSLURNAR TVÆR ERU þættir í verkefni sem hugveitan Tíden hefur staðið að í samstarfi við SAMAK, samstarfsvettvang norrænna verkalýðssamtaka. Skýrsla þessi er sú síðasta í þeirri ritröð og samantekt á niðurstöðum. Hugmyndin er að niðurstöðurnar séu aðgengilegar öllum sem áhuga hafa á málefninu og vilja taka þátt í rökræðum um norræna módelið og þær áskoranir sem við því blasa. Skýrslan ætti einkum að vera áhugaverð í augum þeirra áhugasömu sem taka virkan þátt í starfi stéttarfélaga.

Í skýrslunum eru dregnar nokkrar ályktanir um þær ógnir sem við módelinu blasa en einkum ber þó að líta á þær sem grundvöll umræðu. Eitt get ég þó fullyrt og það verður best sagt með því að umorða það sem Mark Twain sagði: *Fregnin um andlát norræna móðelsins er mjög orðum aukin. Módelið er sprellumfandi.* Það þarf þó að gera á því breytingar svo það verði áfram lífvænlegt.

Jesper Bengtsson

BLÓMASKEIÐ Á NORÐURLÖNDUM

– í efstu sætum flestra alþjóðlegra hagvísu

STJÓRN MÁLAMENN, ÁLITSGJAFAR og vísindamenn beina oft í pólitískri rökræðu sjónum að þeim vanda sem til staðar er í ákveðnu landi. Atvinnuleysi er of mikið. Árangur nemenda er ekki nógu góður. Biðraðirnar í heilbrigðisþjónustunni eru of langar. Auðvitað skiptir allt þetta máli. Sá sem ekki kemur auga á nein vandamál í samfélagi getur heldur ekki bætt það. Það þarf að hafa góð vegakort til þess að finna réttu leiðina fram á við.

Einmitt þess vegna er því mikilvægt að sannreyna að almennt séð er gott að búa á Norðurlöndum. Reyndar sérlega gott þegar það er skoðað í hnattrænu samhengi.

Norrænu ríkin eru í hópi ríkustu landa heims. Miðað við þjóðarframleiðslu á íbúa er Noregur í áttunda sæti, Svíþjóð í því 17., Ísland í 20. sæti, Danmörk í því 23. og Finnland í 29. sæti.² Norðurlöndin skera sig þó einkum úr hópi annarra ríkja heims með meiri jöfnuði þjóðarauðsins en ekki umfangi hans. Félagslegur ójöfnuður, eða stéttaskipting ef það orð skilst betur, er minni þar. UNDP er stofnun á vegum SP sem mælir þróun lífskjara (Human Development Report) og þar gegnir mikill jöfnuður í landi miklu hlutverki. Noregur er í efsta sæti, Danmörk í því fimmta, Ísland í níunda sæti, Svíþjóð í því 14. og Finnland í 23. sæti.³

Sama máli gegnir þegar jöfnuður á milli karla og kvenna er mældur. Í skýrslu

World Economic Forums, Global Gender Gap 2016, kemur fram að jafnrétti er mest á Íslandi en á hæla þess fylgja Finnland, Noregur og Svíþjóð. Danmörk er nokkru neðar í níunda sæti en engu að síður í efstu sætum listans í hnattrænu samhengi séð.

Þannig heldur það áfram með nær því hvaða mæliaðferð sem kosið er að nota. Norðurlandaráð komst nýlega að þeirri niðurstöðu í skýrslu að Norðurlöndin standi sig mjög vel í alþjóðlegum samanburði hvað varðar eftirfarandi svið:⁴

- *hamingja og velferð*
- *barátta gegn spillingu og frelsi fjölmiðla*
- *jöfnuður*
- *efnahagsleg samkeppnisgeta*
- *nýsköpun*
- *umhverfismál*

Vísar af þessu tagi sýna fram á að öllum norrænu ríkjunum hefur tekist að sameina öflugt hagkerfi samfélagsmódeli sem stuðlar að breytingum, efnahagslegum sveigjanleika og öryggi borgaranna. Það kemur þó vitaskuld ekki í veg fyrir að dekkri hluti myndarinnar, það er vandamál í skólum, vaxandi stéttaskipting og jaðarsetning hópa sé líka rétt. Norrænu samfélögin hafa engu að síður betri möguleika en flest önnur til að takast á við vandamál af þessu tagi.

² Business Insider Nordic, 2017-03-06.

³ Human Development Report UNDP, 2016.

⁴ eru Norðurlönd best í heimi? Greining nr. 2/17, Norðurlandaráð.

Við treystum hvert öðru

Það er ærin ástæða til þess að benda sérstaklega á eitt atriði, það að fólk á Norðurlöndunum hefur lengi borið og ber mikið traust til meðborgara sinna. Meira en í flestum öðrum löndum. Eftirfarandi tafla sýnir traust fólks eliminera í nokkrum Evrópuríkjum:

1. TAFLA: TRAUST Í EVRÓPU

LAND	MEDALTAL	LAND	MEDALTAL
Danmörk	6,90	Belgía	5,02
Finnland	6,74	Austurríki	4,98
Noregur	6,62	Litháen	4,94
Svíþjóð	6,25	Spánn	4,83
Holland	6,03	Frakkland	4,61
Sviss	5,72	Tékkland	4,59
Eistland	5,57	Ungverjaland	4,17
Bretland	5,37	Slóvenía	4,07
Írland	5,23	Pólland	3,92
Ísrael	5,17	Portúgal	3,63
Þýskaland	5,17		

Félagslegt traust í Evrópulöndum, byggt á könnuninni European Social Survey 2014. Núll þýðir ekkert traust, tíu þýðir fullt traust til annarra.⁵

Rannsókn sú sem gerð er grein fyrir í töflunni fjallar um traust fólks hvers til annars. Norðurlöndin er einnig efst á lista hvað varðar annars konar traust, t.d. traust til annarra samfélagshópa eða traust til stofnana samfélagsins.

Ýmsir benda á að þetta norræna traust eigi sér djúpar sögulegar rætur. Norræn samfélög höfðu þegar á miðöldum komið sér upp mikilli félagslegri auðlegð með stofnun þinga og lagasetningum þar sem sjálfseignarbændur komu saman til að ná samkomulagi um sameiginleg málefni.

Fræðimennirnir sem sömdu *Traustið er norræna gullið* benda þó á að traust hafi líklega verið umtalsverðum breytingum háð á Norðurlöndum og að það skýri ekki endilega hið mikla traust sem einkennir síðustu öld eða hvers vegna traustið eykst enn frekar á Norðurlöndum á tímum þegar stefnt er í þveröfuga átt í mörgum öðrum löndum.

Svarið er líklega það að traustið á Norðurlöndum hefur bæði verið mikilvæg forsenda norræna móðelsins og afleiðing þess. Hægt er að greina norræna traustið langt aftur í tímann og án þessara róta hefði kannski ekki verið mögulegt að reisa grunnstoðir norræna móðelsins. Traustið hefur jafnframt aukist með áherslum norræna móðelsins á öflug samtök, samtal og samninga. Fræðimennirnir sem sömdu

Traustið er norræna gullið segja t.d.: »Ein afleiðing norrænnar hefðar um félagsleg samtök er að hún hefur stuðlað að því að móta traust á milli samtaka með andstæða hagsmuni sem hafa byggt upp mikið gagnkvæmt traust með samningaviðræðum.«⁶

Þeir slá því einnig föstu að þróun öflugra samtaka í borgaralegu samfélagi í kringum aldamótin 1900 hafi að öllum

líkindum átt mikinn þátt í miklu trausti á Norðurlöndum okkar daga. Þeir tilgreina ýmsar almennar hreyfingar, t.d. íþróttahreyfinguna, fríkirkjur, öflug fagbundin stéttarfélög og stjórnmálaflokka með miklu meiri tengsl við grasrótina en almennt gerist í alþjóðlegu samhengi.

Aðrir höfundar og fræðimenn hafa bent á tengsl trausts og öflugs velferðarkerfis. Sagnfræðingarnir Lars Trägårdh og Henrik Berggren hafa til dæmis bent sérstaklega á það hvernig styrking velferðar, svo sem heilsugæsla eldri borgara, umsjá barna og félagslegar tryggingar mótaði bæði sterka einstaklinga og öflugt traust þessara borgara til hins opinbera vegna þess að ríkisvaldinu tókst að tryggja þessa velferð. Annar mikilvægur þáttur trausts er fremur lítil spilling í opinberum kerfum norrænu ríkjanna.

⁵ Tillit – det nordiska guldnet, sid 14, Nordiska ministerrådet, 2017.

⁶ Tillit – det nordiska guldnet, sid 15, Nordiska ministerrådet, 2017.

Forsendurnar ráða því hverju módelið skilar

Það má finna tengsl á milli forsendna fyrir norræna módelinu og því sem það skilar í fleiri þáttum en trausti, ekki síst hvað varðar afstöðuna til jöfnuðar. Fræðimenn draga meðal annars fram þá staðreynd að norrænu löndin (að Danmörku undanskilinni) höfðu ekki komið á neinu hreinræktuðu lénsskipulagi á miðöldum. Bændur áttu að miklu leyti jarðir sínar sjálfir og í Danmörku fengu þeir áþekk réttindi eftir landbúnaðarumbæturnar síðla á 18. öld og eftir það. Skipulagður ójöfnuður, eins og sá sem einkenndi lénsskipulagið annars staðar í Evrópu, var ekki jafn víðtækur

í löndum okkar og það stuðlaði að enn öflugri baráttu fyrir jöfnuði.

Hér má því sjá tengsl þar sem söguleg sýn á jöfnuð hefur skilað víðtækri viðurkenningu á öflugum heildarsamningum og ríkisstofnunum. Sú staðreynd að norræna módelið stuðlaði að auknum jöfnuði leiddi til enn öflugri stuðnings við jöfnuð sem pólitískt markmið. Þar með er hafin þróun í átt til meiri jöfnuðar og eins og áður er komið fram til aukins trausts.

Þetta þýðir að sjálfsögðu að þeir sem stefna að samfélögum með miklum jöfnuði og auknu trausti verða að vera á verði gagnvart ferlum sem gætu snúið þessari þróun við.



FOTO: LARS-GÖRAN ABRAHAMSSON/SCANDINAV

»Aukinn efnahagslegur ójöfnuður kyndir undir popúlisma. Nú er kominn tími til að íhuga og veðja á jafnari skiptingu tekna og auðs.«

SVARIÐ VIÐ HNATTVÆÐINGUNNI

– meira norrænt módel

GÓÐUR ÁRANGUR Norðurlanda á mörgum eftirsóknarverðum sviðum hefur gert að verkum að stöðugt fleiri ríki kynna sér nú norræna módelið. Menn vilja læra af því og nýta sér hluta úr því í sínum löndum. Þessi áhugi á sér væntanlega fjölbreyttar rætur en mikilvægasta ástæðan er að ójöfnuður er vaxandi vandamál.

Á undanförnum áratugum hafa ríki þar sem áður ríkti sár fátækt upplifað mikinn vöxt. Má þar nefna Kína, Indland, Nígíeríu, Brasilíu og Suður-Kóreu. Listinn yfir þau lönd sem auðgast hafa er langur. Dregið hefur úr örbirgð. Það er þó vandamál í mörgum þessara landa að tekjujöfnunarleiðir og félagslegt verndarnet, öryggiskerfið, hafa ekki náð að fylgja þróuninni. Ójöfnuður hefur aukist. Þetta á í megindráttum alls staðar við. Bæði um »nýríku« löndin og lönd á borð við þau norrænu sem auðguðust á 20. öld. Munur á fjárhagslegri stöðu einstaklinga er einfaldlega meiri á okkar dögum en fyrir 30 árum.⁷

Fram kemur í skýrslu McKinsey frá byrjun árs 2017 að tekjur 80% bandarískra heimila hafa ekkert hækkað síðan árið 2005.⁸ Í Bretlandi er hlutfallið 70%, á Ítalíu 97% og í Frakklandi 63%. Á sama tíma hafa auðugustu borgarar þessara landa orðið ríkari.

Ekkert samkomulag ríkir um að þessi aukni ójöfnuður sé neikvæð þróun. Nýfrjálshyggjumenn halda því gjarna fram að það mikilvægasta sé heildarvöxtur og velmegun samfélagsins og að mark-

aðurinn komi svo aðgengi og fjármagni niður á við í samfélagspíramídanum. Að þessum röddum undanskildum eru þó flestir sammála um að ójöfnuðurinn sé vandamál. Á vegum Alþjóðafnahagsráðsins í Davos er árlega gefin út skýrsla þar sem rúmlega 700 hagfræðingar og sérfræðingar gera grein fyrir mismunandi ógnum gegn þróun jarðarbúa. Á toppfundum efnahagsráðsins undanfarin ár hefur ójöfnuður verið tilgreindur sem ein helsta ógnin. Sérfræðingar hafa slegið því föstu að endurbæta þurfi markaðskapítalismann til þess að auka jöfnuð.

– Aukinn efnahagslegur ójöfnuður kyndir undir popúlisma. Nú er kominn tími til að íhuga og veðja á jafnari skiptingu tekna og auðs, sagði Christine Lagarde, yfirmaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, í Davos 2017.⁹

Það hefur einnig dregið úr jöfnuði á Norðurlöndum en við erum samt enn þá fremur svipað sett og það er fyrir mestu að við höfum sýnt fram á að jöfnuður er til lengri tíma litið mikilvæg forsenda vaxandi og skilvirks, sveigjanlegs og sjálfbærs efnahags. Á Norðurlöndum er til staðar bæði velmegun og velferð. Eða eins og The Economist orðaði það: Okkur hefur tekist að sniðganga bæði efnahagsvanda ríkja Suður-Evrópu og hinn gríðarlega ójöfnuð sem einkennir Bandaríkin, ekki síst í kjölfar fjármálakreppunnar og bakslags í alþjóðlegum efnahagsmálum síðan 2008.

⁷ Globala mælin (hnattræn markmið), UNDP, 2016.

⁸ Poorer than their parents? (Fátækari en foreldrarinn?) A new perspective on income inequality (Nýtt sjónarhorn á ójöfnuð hvað tekjur varðar), McKinsey 2017.

⁹ Ójöfnuður heftir sjálfbærán vöxt, Svenska Dagbladet, 19.01.2017.

Þess vegna getur norræna módelið orðið fyrirmynd löndum á borð við Suður-Kóreu eða Suður-Afríku. Sama má segja um ríki Mið-Ameríku sem nú eru í startholunum með kynningu á nýju félagslegu tryggingakerfi. Eða Indónesíu sem framkvæmt hefur gríðarlega umfangsmiklar úrbætur á sjúkratryggingum. Norræna módelið var til umfjöllunar hjá hinum róttæka og vinsæla Bernie Sanders í bandarísku forsetakosningunum 2016 og í kosningabaráttunni vegna forsetakjörsins í Frakklandi 2017 þegar Emanuel Macron forseti lýsti norræna módelinu sem góðu markmiði. Þegar Macron heimsótti Svíþjóð haustið 2017 vegna toppfundar ESB um félagsmál, lýsti hann draumi sínum ýtarlegar og sagði að sterk staða aðila

atvinnulífsins væri það sem einkum mótaði nýjar áætlanir hans fyrir Frakkland.

– „Ég held að geta Svía til að skapa samhljóm meðal verkalýðssamtaka og vinnuveitenda skipti miklu og sé kjarninn í góðum árangri lands ykkar. Þannig styrkið þið við bæði samkeppnishæfni og réttlæti. Það er nauðsynleg forsenda þess að ná réttum samhljómi hinna ýmsu geira að aðilar vinnumarkaðarins fái tækifæri til þess að ræðast við“, sagði hann við sænska dagblaðið Aftonbladet.

Hér kemur Macron að mikilvægum þætti norræna módelins. Er þá ekki kominn tími til að skoða aðeins nánar hvernig norræna módelið er í raun? Hvað einkennir þá samfélagsgerð sem svo margir eru að ræða um og vilja sækja innblástur í?


ÞRÍFÆTTUR STÓLL

NORRÆNU LÖNDIN eru á ýmsan hátt ólík innbyrðis. Þau hafa hvert sín sérstöku lög og reglur auk eigin hefða og menningar hvað samtök fólks varðar þannig að módelið er nokkuð mismunandi eftir því hvaða land er valið að skoða. Engu að síður eiga löndin margt sameiginlegt. Hægt er að fjalla um þessi mismunandi kerfi sem norræna módelið. Fræðimenn þeir sem unnu rannsóknarverkefnið mikla *NordMod 2030* og skiluðu lokaskýrslu árið 2014, slógu því föstu að módelið hvíldi á þremur meginstöðum.

VEL SKIPULAGT ATVINNULÍF. Norræna módelið kallar á öflug stéttarfélög með mörgum félögum og mikilli hlutfallslegri þátttöku. Það kallar á sama hátt á öflug samtök vinnuveitenda og að þessir aðilar geti báðir unnið saman, sest niður við sama borð, náð heildarsamningum og tryggt að friður ríki á gildistíma samninga. Þannig »samstarf« byggist á því að bæði stéttarfélög og vinnuveitendur viðurkenni að til staðar séu bæði sameiginlegir

og andstæðir hagsmunir en að finna þurfi lausnir á málum þannig að það auki ekki vandamálin heldur stuðli að því á uppbyggilegan og friðsamlegan hátt að lausn finnist. Einn mikilvægasti þáttur módelins er að stéttarfélög og vinnuveitendur tryggi það best sjálfir með þátttöku sinni að aðstæður á vinnumarkaði verði sem bestar. Það þarf að gerast með heildarsamningum þar sem samið er bæði miðlægt og á hverjum stað fyrir sig. Þetta má kalla sameiginlegt eigið eftirlit. Önnur lönd hafa valið aðrar leiðir til að leysa þetta, þó aðallega með lagasetningu. Norræna módelið kallar þó líka á samstarf við ríkið og pólitíska kerfið sem á að sjá svo um að grundvallarreglur séu fyrir hendi. Það er sem sagt um að ræða módel með þremur aðilum þar sem hið opinbera ber meðal annars ábyrgð á vinnumarkaðsstefnu.

ALMENN VELFERÐ þar sem þjónusta fjármögnuð með sköttum og almannatryggingakerfi skapar góðar forsendur með jöfnuði fyrir heilbrigði, menntun og



1. MYND: ÞRJÁR STOÐIR NORRÆNA MÓDELSINS

atvinnulíf. Velferðarkerfið tryggir afkomu fólks þegar breytingar verða í atvinnulífinu eða lífi hvers og eins.

ÁBYRG STJÓRNUN EFNAHAGSMÁLA.

Þjóðhagfræðileg stefna með áherslu á fulla atvinnuþátttöku og litla verðbólgu. Ábyrg og virk efnahagsstefna þar sem fjármál og fjármögnun halda jafnvægi á hagsveiflum og jafna út félagslega mismunun. Í því felst að leggja á skatta og miðla fé til að fjármagna velferð og auka jöfnuð.

Fræðimennirnir í *NordMod 2030* kusu að lýsa módelinu með eftirfarandi mynd.

Stoðirnar þrjár eru gagnkvæmt háðar hver annarri, eins og myndin sýnir. Sé gerð breyting á einni stoðinni hefur það áhrif á hinar. Annars vegar hefur það áhrif á niðurstöður módelnsins hvað varðar jöfnuð, jafnrétti og traust. Hins vegar breytir það getu hinna stoðanna tveggja til að virka eins og til var ætlast.

Módel um aðila vinnumarkaðarins og sterkir aðilar


Það kemur einnig fram í *NordMod 2030* verkefninu að velferðarríki með skipulögðum vinnumarkaði sem byggist á heildarsamningum má finna víðar en á Norðurlöndum. Norðurlöndin skera sig þó að ýmsu leyti úr. Í fyrsta lagi hafa báðir aðilar á vinnumarkaði, það er bæði stéttarfélögin og vinnuveitendur, staðið sterkar á Norðurlöndum en annars staðar í heiminum. Þetta er sá þáttur sem Macron leggur áherslu á í viðtali sínu við Aftonbladet. Það má þakka það viðtækum og stórum verkalýðssamtökum að aðilarnir hafa staðið meira jafnfætis en í mörgum öðrum löndum. Þetta hlutfallslega jafnræði er og hefur verið forsenda þess góða miðlæga samkomulags sem einkennir vöxt og virkni norræna módelnsins.

Í öðru lagi hafa Norðurlönd mótað umfangsmiklar stofnanir fyrir samstarfið á milli hins opinbera og aðila vinnumarkaðarins.

Margir að störfum

Módelið byggist á því að stór hluti þjóðarinnar hafi vinnu. Þegar atvinnuþátttaka er mikil, líka meðal kvenna, haldast skatttekjur háar og þannig hefur reynst mögulegt að fjármagna uppbyggingu vel ferðarkerfisins. Taflan hér að neðan sýnir hvernig atvinnuþátttaka er almennt hærri á Norðurlöndum en í mörgum sambærilegum löndum.


2. TAFLA:
HLUTFALL FÓLKS Í LAUNAVINNU,
ESB OG NORÐURLÖNDIN.



Heimild: Eurostat

Sé litið á muninn á atvinnuþátttöku karla og kvenna eru Norðurlönd líka vel yfir meðaltali í ESB. Það er engin tilviljun. Norræna módelið hefur að hluta til snúist um það að jafna út lífskjör kvenna og gera fleirum þeirra kleift að sjá um sig sjálfar, meðal annars með því að byggja upp barnagæslu og leikskóla, setja fjármagn í menntakerfið og t.d. að fjármagna barnabætur.

3. TAFLA:
MUNUR Á HLUTFALLI KARLA OG KVENNA
Í LAUNAVINNU Á ÁRINU 2016.



Heimild: Eurostat

Launastefna á grundvelli samstöðu

Í þessu samhengi er einnig við hæfi að nefna launastefnu á grundvelli samstöðu. Fyrstu áratuginu eftir síðari heimsstyrjöld tóku norræn verkalyðssamtök afgerandi ákvörðun um stefnumótun með því að samþykkja í raun stöðugar umbreytingar í efnahagslífinu. Í stað þess að taka orrustu um hvert einasta starf og vinnustað sem hætta var á að hyrfi á hverri stundu fyrir sig, völdu verkalyðssamtökin að viðurkenna getu auðhyggjunnar til breytinga.

Launastefna á grundvelli samstöðu var mikilvægur þáttur í þeirri ákvörðun. Hún byggðist á því að launþegar í öflugum framleiðslugreinum, til dæmis iðnaði, myndu hafa hemil á launakröfum sínum til hagsbóta þeim sem störfuðu þar sem framleiðni var minni og deila þannig heildarlaunapottinum í hagkerfinu. Það átti svo að gagnast efnahag samfélagsins alls því þannig hefðu fleiri neytendur meira fé á milli handa. Samkeppnisgetan við önnur lönd skaðaðist þá heldur ekki þar sem laun myndu ekki hækka meira innan útflutningsgreina. Verðbólguþrýstingi yrði þannig haldið niðri og atvinnulíf í svonefndum vernduðum starfsgreinum (innlend starfsemi sem ekki var beinlínis háð samkeppni utan frá) myndi ekki missa starfsfólk sem annars kysi að vinna störf þar sem launahækkanir væru meiri.

Hugmyndin var (og er) sú að vinnuveitendur eigi hagsmuna að gæta í því að geta sagt upp starfsfólki og þannig gera breytingar á kostnaði við starfsmannahald þegar eftirspurn minnkar eða framleiðslan breytist eða verður skilvirkari. Launþegar hafa hins vegar hagsmuna að gæta með öruggu ráðningarformi sem tryggir stöðugar tekjur.

Þessi málamiðlun vegna ólíkra þarfa snerist annars vegar um örugga atvinnu og hins vegar um þarfir framleiðslunnar fyrir stöðugar umbreytingar. Menn samþykktu því í raun, með því að vernda launþega sem einstaklinga en ekki störf með lélegri framleiðni, að fyrirtæki og starfsgreinar með lélega sjálfbærni og án möguleika




FOTO: SVEN-GÖSTA JOHANSSON

á aukinni skilvirkni myndu fara í gjaldþrot. Skipulagsbreytingarnar hlutu samþykki. Þeir launþegar sem þannig misstu vinnuna áttu þannig að hverfa til starfa og starfsgreina með meiri framleiðni.

Þannig var krafan um mannsæmandi laun lögð fram til að þrýsta á um aukna skilvirkni í framleiðslu þar sem fyrirtæki voru einfaldlega neydd til þess að tryggja mikla framleiðni til þess að geta greitt laun í samræmi við samninga. Þessi þrýstingur á breytingar gagnast hagkerfinu í heild sinni því menn fá betur greitt fyrir þróaðri vörur og þjónustu en einfaldari.

Þróun starfsfærni allra

Þetta skipulag hafði þau áhrif að Norður-löndin stefndu áfram og upp í átt að samfélögum sem í stöðugt auknum mæli einkenndust af starfshæfni, jafnframt því að geta viðhaldið öflugri stefnu í átt til aukins jöfnuðar.

Fyrir hendi verður að vera öflugt öryggiskerfi, almennar tryggingar, fullorðinsfræðsla og atvinnuleysisbætur, eigi að

takast að fá félaga verkalyðssamtaka til að skilja þessa stefnu og samþykkja að fylgja henni. Annars verður óvissan of mikil. Það verða einnig að vera fyrir hendi vel mótuð kerfi til að efla starfshæfni og gefa fólki færi á endur- og símenntun allt sitt líf. Annars getur fólk ekki gengið inn í nýju störfín sem verða til við umbreytingar á skipulaginu. Eigi þetta að geta gengið eftir þarf hágæðagrunnmenntun og aðgengi að framhaldsnámi, fullorðinsfræðslu og starfsfræðslu á starfsferlinum öllum.

Þetta módel var mótað þegar á 6. áratug 20. aldar af hagfræðingum sænsku verkalyðssamtakanna, þeim Gösta Rehn og Rudolf Meidner, en hugmyndirnar voru fyrir hendi og höfðu áhrif á stjórnmálastefnur og vinnumarkaði á Norðurlöndunum öllum. Módelið byggðist að miklu leyti á því að kerfið væri lokað og að full stjórn væri á fyrirkomulagi bæði vinnumarkaðar og efnahagslífs í landinu en það hefur engu að síður haft grundvallaráhrif á norræna samfélagsmódelið eins og það lítur út á okkar dögum.

HVERS VEGNA VARÐ NORRÆNA MÓDELIÐ TIL?

NORRÆNA MÓDELIÐ ER afrakstur þess samfélags sem varð til og efldist á fyrri hluta 20. aldar. Á þeim tíma olli iðnvæðingin miklum félagslegum og efnahagslegum vanda. Hagræðing átti sér stað í landbúnaði og fólk flutti í þéttbýlið þar sem iðnaðinn skorti starfskrafta. En ekkert kerfi var til staðar til að annast þá sem slösuðust í vinnu, veiktust eða misstu vinnuna. Þetta kom hvað greinilegast fram í kreppunni miklu á millistríðsárunum. Kauphallarhrunið mikla í Bandaríkjunum árið 1929 sendi bylgjur skelfingar um heim allan. Milljónir Evrópubúa misstu vinnuna. Reiknað er með að bara í Svíþjóð hafi í upphafi 4. áratugarins verið um 30.000 flökkuverkamenn, það er verkamenn sem misst höfðu allt og voru á götunni í leit að heimili og atvinnu.¹⁰ Þessi ár ríkti mikil ringulreið. Stöðugt óx óánægja fólks með félagslegar aðstæður og leiddi til verkfalla, mótmæla og óróa í samfélaginu. Öfgahreyfingar á hægri og vinstri jöðrum stjórnmálanna stækkuðu og efldust.

Þessir erfiðu tímar höfðu mismunandi áhrif í hinum ýmsum löndum og heims hlutum. Fasismi og nasismi náðu ekki jafn öflugri fótfestu á Norðurlöndum og í mörgum öðrum hlutum Evrópu. Framsækin efnahagsstefna norrænu landanna var mikilvæg skýring þessa. Ríkið valdi fjárfestingar til að útvega störf og efla efnahaginn á tímum kreppunnar á 4. áratugnum. Önnur skýring er að hin öflugu norrænu verkalýðsfélög hafi með sínum mörg hundruð virku trúnaðarmönnum ásamt

öðrum félögum getað barist og rökrætt gegn öfgahugmyndum á vinnustöðunum og annars staðar í samfélaginu. Þegar fasistar og öfgasinnar boðuðu til pólitískra funda var líka alltaf hægt að sækja öflugan faglegan fund. Norræn verkalýðssamtök höfðu einfaldlega öflugra tak á því sem ítalski stjórnmálahugsuðurinn Antonio Gramsci nefndi »yfirráðin« í samfélaginu.

Á þessum tímum voru lagðir hornsteinar norræna móðelsins. Menn völdu samræður og samkomulag í stað deilna og stéttabaráttu. Þannig varð til nýtt fyrirkomulag á vinnumarkaði með hjálp allsherjarsamninga. Fyrsta félagslega tryggingakerfið varð til.

Næstu skref voru stigin eftir síðari heimsstyrjöld. Norrænu velferðarríkin voru farin að mótast með aukinni opinberri velferðarþjónustu, víðtækara eftirlaunakerfi og almennu og víðfeðmu tryggingakerfi. Á sama tíma styrktist þríhliða samstarf vinnuveitenda, verkalýðsfélaga og stjórnmálakerfisins. Það leiddi til aukinnar samræmingar í launaþróun og efnahagsstefnu.

Vöxt og viðgang velferðarríkisins má ekki síst rekja til þess að sósíaldemókratísku flokkarnir og verkalýðshreyfingin í heild sinni nutu nú öflugs stuðnings víðast hvar á Norðurlöndum. Þetta átti þó síður við í Finnlandi og á Íslandi þar sem miðjuflokkar og borgaralegir flokkar réðu fremur ríkjum. Í öllum löndunum var til staðar stöðugur pólitískur

meirihluti sem stuðlaði að stöðugleika og því að samningsaðilar hefðu um eitthvað að semja »stjórnámálamegin« við borðið. Í öllum löndunum var einnig til staðar öflugur samfélagslegur þrýstingur af hálfu áhrifaríkra verkalyðssamtaka. Þetta leiddi til þess að norrænu velferðarmódelin þróuðust á annan hátt en þau á meginlandi Evrópu eða í Bandaríkjunum. Danskur fræðimaður á sviði velferðarmála, Gösta Esping Andersen, kallar þetta »sósíal-demókratíska módelið«.

»Ekki eru mörg tímabil sambærileg við þetta uppbyggingartímabil hvað snertir aukinn jöfnuð og úrbætur á lífsgæðum og lífsskilyrðum alls almennings«, segja fræðimennirnir í lokaskýrslu sinni í verk-efninu *NordMod 2030*.¹¹

Norrænu löndin hafa öll verið fremur opin hagkerfi þar sem mikill hluti efnahagslífsins byggist á inn- og útflutningi. Þannig hefur velmegun mótast en þetta hefur líka valdið því að norrænu hagkerfin hafa alltaf verið viðkvæm fyrir miklum þrýstingi á breytingar. Það hefur einkum verið áberandi síðan á 8. áratug síðustu aldar. Eins og áður hefur komið fram gegndi samræmd launastefna lykilhlutverki við að knýja samfélögin fram og upp á við í samanburði við önnur hagkerfi um leið og hægt var að halda jöfnuði og jafnvel að auka hann á Norðurlöndum.

Kreppur og sveigjanleiki

Módelið hefur í áranna rás lent í mörgum kreppum. Stjórnámálameinn og aðilar atvinnulífsins hafa neyðst til þess að breyta kerfunum umtalsvert. Samfélagsleg þróun hefur kallað á breytingar. Þrýstingurinn hefur einkum verið mikill undanfarin 25-30 ár. Í kjölfarið á hruni Berlínarmúrsins féll það efnahagsskipulag áætlanabúskapar sem einkenndi ríki hinnar svonefndu »Austurblokkar«. Sovétríkin molnuðu niður sem samræmt ríkisskipulag. Á 9. áratug síðustu aldar hóf ESB vegferð sína í átt til enn meiri samþættingar og á 10. áratug leiddi hún til þess að komið var á fót innri markaði sambandsins og

evrusamstarfinu. Mörg ríki sóttu um aðild, fyrst lönd á borð við Svíþjóð og Finnland en síðar hópur ríkja sem áður hafði tilheyrt áhrifasvæði Sovétríkjanna. Á skömmum tíma stækkaði ESB úr 12 ríkjum í þau 28 sem þar eru þessa stundina.

Hnattvæðing eykst stöðugt og vörur, þjónusta, fjármagn og vinnuafl eiga stöðugt auðveldara með að fara úr einu landi í annað þannig að Norðurlönd með sín alþjóðlegu sambönd verða stöðugt háðari hnattrænum efnahag. Lánamarkaðir voru afregluvæddir sem meðal annars leiddi til þess að efnahagskreppur 10. áratugar síðustu aldar höfðu slæm áhrif á atvinnuþátttöku. Atvinnuleysi náði varanlegum hæðum sem hefðu verið pólitískt óhugsandi bara nokkrum árum fyrr.

Norræn samfélög breyttust jafnframt á margvíslegan og víðtækan hátt. Skipulag atvinnulífs umbreyttist við að stöðugt fleiri gamalgróin iðnfyrirtæki fluttu framleiðsluna þangað sem laun og annar framleiðslukostnaður var lægri. Ungu fólki í háskólanámi fjölgaði stöðugt. Fjölskyldumynstur og lífsstíll fólks breyttist. Stöðugt fleiri fluttu til borga. Fjölgun varð í hópi íbúa af erlendum uppruna. Norræn samfélög urðu fjölbreyttari að samsetningu.

Allar þessar breytingar urðu til þess að stjórnámálameinn á Norðurlöndum stóðu að ýmsum úrbótum með það fyrir augum að fella kerfin að nýjum aðstæðum. Vitaskuld heyrðust gagnrýnisraddir um norræna módelið frá hægrimönnum þess eðlis að breytingarnar dygðu ekki til. Þeir sögðu ekkert rými vera fyrir módelið í þessum nýju og vaxandi samfélögum. Sumir vinstrimenn héldu því líka fram að módelið væri á leið veg allrar veraldar. Þeir sögðu breytingarnar ganga allt of langt.

Verkalyðshreyfingin leit svo á að semja þyrfti um aðlögun kerfa til þess að bjarga módelinu. Í öllum norrænu löndunum voru gerðar breytingar á skattakerfinu. Afleiðingarnar urðu meðal annars lægri skattur á vinnu og oft minni þrepahækk- anir í álagningunni. Seðlabankar landanna fengu meira sjálfstæði og

¹¹ Den nordiska modellen mot 2030, Ett nytt kapitel? (Norræna módelið á leið til 2030, nýr kafli?), bls. 134, Jon-Erik Dolvik og fleiri, Fafo 2014.



FOTO: PONTUS LUNDAHL/TT

efnahagsstjórnin snerist orðið meira en áður um að halda verðbólgu niðri. Mikill niðurskurður var framkvæmdur í opinbera geiranum í mörgum norrænum ríkjum og breytingar gerðar á eftirlaunakerfinu þannig að margir settu orðið stórt spurningamerki við almenna velferð. Í sumum landanna (og þar gengu Svíar lengst) var hluti opinberrar velferðarþjónustu einkavæddur.

Í þessari umfjöllun um norræna módelið verður þó lögð mest áhersla á vinnumarkaðinn en þar komu aðilar sér saman um að hafa hemil á launahækkunum til að tryggja samkeppnishæfni og hafa taumhald á verðbólgunni, í stað þess að stuðla að auknum kaupmætti launa. Verkalýðsfélög og vinnuveitendur í Danmörku og Svíþjóð urðu einnig sammála um aukna samhæfingu samninga í hverjum starfsgeira fyrir sig og í Finnlandi, Noregi og á Íslandi urðu menn sammála um að styrkja hið þríhliða samstarf um launastefnuna.

Fræðimenn sýna fram á í verkefninu *NordMod 2030* að gagnrýnendur frá bæði hægri og vinstri höfðu rangt fyrir sér. Úrbæturnar grófu í raun ekki undan módelinu. Það styrktist þvert á móti og á fyrstu árum nýrrar þúsaldar voru Norðurlönd orðin fyrirmynd á heimsvísu. Öflugt efnahagslíf, velferð og skapandi íbúar tóku meðal annars forystu í nýju tölvutækniþýtingunni. »Miðað við þróunina nú í evrulöndunum, sem glíma við mikinn vanda, sýnir öflugur viðsnúningur Norðurlandanna eftir kreppur 10. áratugarins það betur en margt annað hvernig skipulegt samstarf norræna módelisins um peninga-

stefnu, launaþróun og velferðarstefnu getur orðið grundvöllur skilvirkar aðlögunar og viðtæks stuðnings við íþyngjandi aðgerðir á krepputímum«, segir í lokaskýrslu *Nord-Mod 2030*.¹²

Það hefur þó ekki dregið úr þrýstingi frá síbreytilegum umheimi. Kreppum 10. áratugarins fylgdu nokkur ár mikillar endurnýjunar og vaxtar og svo dundi yfir dotcom-hrunið 2001. Þegar það var afstaðið komu nokkur efnahagslega góð ár með tiltölulega hröðum vexti, ekki síst á Norðurlöndum. En þá varð fjármálahrunið mikla árið 2008 og í framhaldi af því mikil efnahagskreppa.

En þrátt fyrir þetta allt hafa Norðurlöndin spjarað sig nokkuð vel. Ástandið var í fyrstu erfiðast á Íslandi þar sem uppblásinn fjármálageirinn sprakk eins og blaðra. Mönnum tókst þó að komast fremur fljótt upp úr efnahagslæðinni, þökk sé 50% gengislækkun, þeirri meðvitundu ákvörðun að bjarga ekki aðkreptum bönkum og fjármálastofnunum og stjórnarstefnu um jöfnuð fremur en afreglun og skattalækkanir. Hagfræðingar skýra þetta með m.a. þeirri fjárhagslegu styrkingu sem framkvæmd var í kjölfar vandans á 10. áratugnum, auk þess sem aðilar vinnumarkaðarins gátu staðið að fjölbreyttum umbótum á módelinu, eins og áður hefur komið fram. Ein af grundvallarforsendum þessara umbóta hafa verið öflug og samhæfð verkalýðssamtök.

Á 10. áratugnum jókst þó atvinnuleysi og jaðarsetning frá vinnumarkaði víða á Norðurlöndum. Um það verður nú fjallað nánar.

MIKILVÆGI MIKILLAR ÞÁTTTÖKU Í STÉTTARFÉLÖGUM

STOÐIRNAR Í MÓDELINU i eru háðar hver annarri en það sem greinir norræna módelið frá öðrum kerfum er einna helst sú stoð sem varðar vinnumarkaðinn og skipulag hans.

Norræna módelið leggur áherslu á jöfnuð sem mótar traust, vöxt og öryggi. Við höfum þegar lagt fram dæmi um að það hefði vart átt neina möguleika án öflugs stuðnings fjölmennra verkalýðssamtaka með marga virka félaga. Við fyrstu sýn gæti fullyrðing af þessu tagi virst vera áróður fyrir verkalýðssamtök. Leið til þess að slá sér á brjóst og fullyrða: Við komum þessu til leiðar! En sá er ekki tilgangurinn. Vitaskuld skipta margir aðrir þættir líka máli þegar því er lýst hvernig norrænu samfélögin mótuðust á sinn sérstaka hátt. Ég nefni skapandi og framsækið atvinnulíf, framleiðslu á afurðum (t.d. timbri og stáli) sem voru mjög eftirsóttar á eftirstriðsárum Evrópu og framsýna stjórnmalaflokka sem sáu sér hag í því að nýta sér þessar forsendur á sem hagkvæmasta hátt.

Það er alls ekki neinn áróður að halda því fram að öflug verkalýðssamtök hafi verið burðarbitar við mótun þessarar samfélagsgerðar. Reglur vinnumarkaðarins, að betra væri að leysa vandamál með sameiginlegum samningum en lagasetningu, öflugar félagslegar tryggingar, vinnumarkaðsstefna sem átti að færa fólki öryggi á breytingatímum. Allt er þetta afleiðing öflugra verkalýðssamtaka.

Í skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

(Ójöfnuður og stofnanir vinnumarkaðarins, 2015) komast Florence Jaumotte og Carolina Osorio Buitron að þeirri niðurstöðu að fyrir hendi sé greinilegt orsakasamband á milli jöfnuðar í samfélagi og hlutfalls skipulagðra stéttarfélaga og styrks þeirra. Annars vegar gátu þær einfaldlega sýnt fram á að mestur jöfnuður ríkti í löndum með öflug verkalýðssamtök. Hins vegar gátu þær bent á tilhneigingar þegar dregur úr styrk stéttarfélaga:

»Við fundum sannfærandi sannanir fyrir því að þegar staða samtaka á vinnumarkaði veiktist í þeim þróuðu hagkerfum sem við rannsökuðum leiddi það til aukins ójöfnuðar í tekjum fólks«,

skrifuðu þessir tveir hagfræðingar AGS.

Niðurstaða þeirra varð því sú að þegar dregur úr hlutfalli félaga í verkalýðssamtökum, leiðir það bæði til aukins ójöfnuðar almennt séð og að hæstu laun hækka miklu meira en laun annarra. Einnig kom fram að þar sem dregur úr styrk stéttarfélaga aukast hlutfallslega fjármagnstekjur hinna ríkustu í samfélaginu. Veikburða stéttarfélög eiga erfiðara með að hafa áhrif á ákvarðanir fyrirtækja, bæði hvað varðar laun og önnur kjör stjórnendanna. Ójöfnuðurinn margfaldast þar af leiðandi.

Jacob Hacker, prófessor við háskólann í Yale, komst að áþekkingu niðurstöðum í umdeildri ritgerð sinni, *The institutional*

foundations of middle class democracy. (Stofnanalegur grundvöllur lýðræðis miðstéttanna). Kenning Hackers er sú að samfélagið leggi mesta áherslu á velmegun en hafi gleymt mikilvægi þess að vinna gegn þeim ójöfnuði sem myndast hefur og sem jöfnunarstefnan hefur að markmiði að draga úr. Hacker leggur til að lausnin á þessu sé m.a. að auka styrk verkalýðssamtaka. Hann hefur ekki eingöngu jákvæða sýn á skipulag og störf verkalýðshreyfinga en reynsla Norðurlanda sýnir að öflug verkalýðshreyfing stuðlar að þeirri fordreifingu sem Hacker talar um. Hákan A Bengtsson segir einnig í skýrslu sinni Framsækin vinnumarkaðsstefna: »Samfélagsleg þróun stefnir í ranga átt fyrir

almenning og þó einkum launþega, séu ekki til staðar öflug verkalýðssamtök með hlutfallslega mikilli þátttöku sem hafa möguleika á að semja fyrir hönd félaga sinna. Lönd með veikburða verkalýðssamtök búa einfaldlega við lægri laun og lakari atvinnuskilyrði. Með öðrum orðum óréttlátt samfélag með þyngri byrðum og veikburða velferðarkerfi, bæði hvað varðar opinbera þjónustu og félagslegt öryggisnet. Veikist verkalýðssamtökin, leiðir það til ójafnvægis á vinnumarkaði sem eingöngu kemur vinnuveitendum til góða.« Með þessari röksemdafærslu er þó gert ráð fyrir því að verkalýðssamtökin taki fulla ábyrgð og takist að fylgja eftir þróun samfélagsins.

ÁSKORANIR OG TILLÖGUR

Það gæti verið þægilegt að einfalda ógnir samtímans gegn norræna módelinu og halda því fram að þar sé um að ræða pólitískar ógnir frá »nýfrjálshyggjunni« eða »hægrinu«. Þannig ógnir eru vitaskuld til staðar. Oftast, en þó ekki alltaf, er sett spurningarmerki við módelið af hálfu hægrimanna eða samtaka vinnuveitenda. Starfið að þessu verkefni um norræna módelið hefur leitt nokkuð áhugavert í ljós. Svo virðist sem samtök vinnuveitenda í Svíþjóð séu sannfærðari um leggja beri módelið niður en systursamtök þeirra á hinum Norðurlöndunum. Þar eru menn meira sammála um kosti móðelsins.

Alveg óháð því eru þó til staðar aðrar og til lengri tíma alvarlegri áskoranir sem módelið stendur andspænis. Þessar áskoranir snúast um þróun samfélagsins í heild sinni.

Sú djúptækasta snýst um að samfélagið er að gliðna í sundur, bæði félagslega og efnahagslega. Jafnvel þótt jöfnuður sé enn mestur á Norðurlöndum hefur ójöfnuður

þar aukist jafnt og þétt síðan á 9. áratug síðustu aldar. Við það bætist að traustið fer einnig minnkandi í ákveðnum hópum, einkum meðal yngra fólks og þeirra sem búa við ööryggi á vinnumarkaði.

Hér birtist það hugmyndafræðilega leiðarval sem fjallað er um í inngangi skýrslunnar.

Eigum við að leggja módelið niður og taka afleiðingunum af því samfélagi aukins ójöfnuðar sem rís upp af rústum þess? Eða eigum við að greina þróunina og grípa til nauðsynlegra aðgerða svo módelið geti staðið af sér orrahríðina?

Eigi norræna módelið að lifa af til framtíðar litið þurfa aðilar vinnumarkaðarins og stjórnmalakerfið að takast á við það sem ógnar því. Hér verður greint frá því í stórum dráttum í hverju þessar ógnir felast og hvað verkalýðshreyfingin og stjórnmalamenn geta gert til þess að takast á við þær.



FOTO: SCANDINAV

Þjarkar og atvinnuleysi – pólitísk stefna um fulla atvinnuþátttöku

Eigi norræna módelið að lifa af og við að geta fjármagnað opinbera velferðarkerfið er grundvallarforsenda þess að það takist að halda uppi mikilli atvinnuþátttöku og litlu atvinnuleysi í löndunum

Módelið þróaðist á eftirstríðsárunum og þá var litið á 2-3% atvinnuleysi sem fulla atvinnuþátttöku. Um þessar mundir geta bara Íslendingar stært sig af 3% atvinnuleysi. Norðmenn standa sig ágætlega með 4% atvinnuleysi. Annars staðar á Norður-löndum er það á bilinu 6 til 8%. Almennt séð er atvinnuleysið of mikið og verst verður vandamálið þegar margir missa vinnuna og komast ekki inn á vinnumarkað á ný. Þannig verður til varanleg jaðarsetning.

Þessi staða skapar þrýsting á norrænu velferðarkerfin. Hún er líka mikilvæg skýring á því hvers vegna byrðarnar hafa aukist og staða launþega á vinnumarkaði veikst. Atvinnuleysi er einkum mikið meðal þeirra sem fæddir eru erlendis en þannig eykst þrýstingur á að lægstu laun lækki og kröfur aukast um »einfaldari« störf en þá eykst hætta á meiri ójöfnuði í samfélaginu, nokkuð sem grefur enn frekar undan norræna módelinu.

Við sjáum það nú að hætta er á að þessi þróun leiði til áframhaldandi mikils atvinnuleysis og aukins ójöfnuðar. Þar á aukin sjálfvirkni í atvinnulífinu einnig stóran hlut að máli. Í stöðugt fleiri störfum og verkefnum er hægt að ýta starfsfólki til hliðar en nýta sér þjarka, vélar og tölvur.

Fyrir um tveimur áratugum héldu sænsku verkalyðssamtökin, TCO, ráðstefnu um »tölvuvæðingu« og einn fyrirlesara spurði ráðstefnugesti: Hve mörg ykkar búast við því að að í framtíðinni noti fólk tölvur til að lesa á meðan ferðast er með almenn-ingssamgöngum?

Engir réttu upp hönd nema nokkrir sérstakir áhugamenn um tölvur á fremsta bekk. Allir aðrir hugsuðu sem svo að tölvur væru allt of fyrirferðarmiklar og

skjáir of erfiðir til lesturs. Þetta kæmi ekki til greina.

Nú á tímum stöndum við með farsíman okkar og lesum dagblöð, bækur og félagsmiðla í jarðlestum og strætisvögnum. Þessi texti er reyndar skrifaður um borð í lest á leið frá Eskilstuna til Stokkhólms í Svíþjóð.


Fyrir um áratug voru skrifaðar lærðar greinar um það að vissir þættir og ákveðin störf á vinnumarkaði yrðu örugglega aldrei unnin af öðrum en mönnum. Akstur bifreiða var tekinn sem dæmi um þetta. Hann myndu tölvur aldrei geta ann-ast. Atvinna bílstjóra var tryggð. Aðeins örfáum árum síðar héldu bandarísk hermálafyrirvöld samkeppni um hvaða bílaframleiðendur gætu fyrstir framleitt sjálfstýrandi bíla og nú aka þannig farartæki á sömu vegum og bílar undir stjórn bílstjóra. Vísindamenn spá því nú að meirihluti allra bíla á vegum úti verði sjálfakandi innan nokkurra ára. Farþegarnir geta sinnt öðru á leið sinni á milli tveggja staða í dagsins önn. Þeir geta t.d. vafráð um netheima, lesið blöð eða bækur eða skoðað félagsmiðla.

Dæmin sýna að þróunin er hröð. Stofnun um rannsóknir á stefnumótun segir í skýrslu að rúmlega helmingur allra starfa í Svíþjóð verði unninn af tölvum og/ eða þjörkum innan næstu 20 ára. Mestar líkur eru á að störf í smásölu, afgreiðsla á kassa, einfaldari verkefni í landbúnaði, í eldhúsum og þess háttar verði sjálfvirkninni að bráð en það getur líka gerst á sviði bókhalds og kynninga. Mynstrið »staðfestir að þróun síðustu áratuga heldur áfram. Það eru umtalsverðar líkur á því að hægt sé að beita sjálfvirkni varðandi margar starfsgreinar þar sem lítillar menntunar er krafist en á sama tíma verða áhrifin ekki jafn mikil á margar starfsgreinar þar sem laun eru góð og krafist er mikillar menntunar. Þær gætu þvert á móti hagnast á tölvuvæðingunni með því að til dæmis framkvæmdastjóri eða stærðfræðingur gætu afkastað meiru hennar vegna«, stendur í skýrslu Stofnunar um rannsóknir á stefnumótun. Þó er bent á að til séu

undantekningar frá reglunni. Það er til dæmis minni hættu á að hægt sé að skipta út einkaþjálfurum og hárskerum en líflæknisfræðilegum greiningartæknum. Lykilatriðið er hvaða störf hægt er að fela þjörkum og tölvum.

Tilhneigingin er sú sama annars staðar á Norðurlöndum. Danska hugveitan Cevea gerir til dæmis ráð fyrir því að ekki verði þörf fyrir ýmis störf þegar sjálfvirkni í atvinnulífinu verður framkvæmd fyrir alvöru:

2. MYND: LÍKUR Á AUKINNI SJÁLFBVIRKNI



Grundvöllur gagna: Pajarinen & Ekeland ásamt Hagstofu Danmerkur (Danmarks Statistik).

Við sjáum fyrir okkur að tölvuvæðingin muni hafa áhrif á stóra hópa skrifstofu- fólks og stjórnenda. Allt bendir til þess að kreppa muni að millistéttinni í því sem kallað hefur verið vélaöld hin síðari. Margir þeirra sem áður höfðu vellaunuð »millistéttarstörf« neyðast nú til að taka að sér »einfaldari« störf með lægri launum og minni menntunarkröfum en sem ekki er hægt að skipta út fyrir tölvur eða þjarka. Það er til dæmis gert ráð fyrir því að hægt sé að láta tölvur vinna 46% starfa á borð við viðskiptahagfræði, markaðssetningu og starfsmannahald en það jafngildir um 50.000 störfum, kemur fram um aðstæður í Svíþjóð í skýrslunni Annað hvert starf verður orðið sjálfvirk innán 20 ára.¹³

Líklegt er að í stað þeirra starfa sem hverfa komi ný. Þannig hefur hagkerfið alltaf virkað hingað til. Ný samfélagsgerð skapar kröfur um nýjar vörur og þjónustu bæði í opinbera og einkageiranum. Það liggur þó í augum uppi að þróunin mun engu að síður gera gríðarmiklar kröfur til

getu samfélagsins til að breytast.

Það er í fyrsta lagi mikilvægt að stjórn- málakerfið standi áfram við það markmið sitt að tryggja öllum atvinnu. Það getur reynst sumum norrænu ríkjanna þrautin þýngri að ná því takmarki á næstu árum en dæmin frá Íslandi og Noregi sýna þó engu að síður að mikið atvinnuleysi er ekkert náttúrulegt mál, jafnvel á tímum hnattvæðingar. Takmarkið getur sýnst vera óljóst og loðið en markar þó engu að síður leið og skiptir máli þegar taka þarf ákvarðanir um stefnumörkun. Þetta kemur ekki síst fram í stefnumörkun hjá ESB undanfarna áratugi. Efnahagsstefna ESB hefur einkum snúist um það að ná jafnvægi í ríkisfjármálum og berjast gegn verðbólgu. Minni áhersla hefur verið lögð á atvinnuþátttöku. Sama stefna hefur ráðið ríkjum á Norðurlöndum, þótt hún sé nokkuð mismunandi í hverju landi fyrir sig. Það skiptir nú höfuðmáli að norrænu löndin vinni saman innan ESB að því að breyta núverandi forsendum efnahags- stefnunnar og fá ESB í heild sinni til að leggja höfuðáherslu á atvinnumál.

Í hverju landi fyrir sig snýst stefnan um opinberar fjárfestingar og að ná til hópa sem nú standa utan vinnumarkaðarins. Margir munu þurfa að leita sér vinnu á vélaöld hinn síðari. Það kallar á menntun og að fólk tileinki sér starfsfærni í sam- ræmi við kröfur á nýjum vinnumarkaði. Gera þarf miklar breytingar í menntaker- finu í náinni framtíð því allir munu hafa þörf fyrir símenntun allt sitt líf. Þetta kall- lar einnig á nýja stefnumörkun í málefni- um atvinnulausra til lengri eða skemmri tíma en margt þarf að gera fyrir fyrri hópinn svo hann verði ekki varanlega utan vinnumarkaðar.

Samstarf stéttarféлага, vinnuveitenda og ríkis verður í aðalhlutverki þegar tryggja þarf að hægt verði að afla sér nýrrar þekk- ingar og færni. Hákan Bengtsson leggur það til í skýrslu sinni Framsækin stefna á vinnumarkaði að um verði að ræða ýmsar leiðir til að afla sér menntunar og álítur að hin Norðurlöndin megi margt læra af danska módelinu með launafyrirkomulag.

Það þarf einnig að gera nýjar áætlanir um þróun í atvinnulífinu og móta nútímalega iðn- og atvinnustefnu þar sem fjalla þarf um getuna til að aðlagast og þróun í þeim héruðum og á þeim norrænu svæðum sem hætta er á að dragist aftur úr.

Tyrkneska vélmennið og viðkvæm störf – andstaða og aðlögun

Nýtt nethagkerfi eflist nú stöðugt samhliða aukinni sjálfvirkni og aukinni hættu á atvinnuleysi. Það er stundum kallað netvangshagkerfið. Eða deiliahagkerfið. Eða gig-hagkerfið. Heitin geta verið ýmisleg en leiðin er sú að tengja saman viðskiptavini og þjónustuaðila/framleiðendur með aðstoð apps. Þekktustu fyrirtækin í Svíþjóð eru líklega Uber og Foodora sem sendir mat með sendli á reiðhjóli, eða Airbnb, þar sem íbúðum er miðlað beint á milli einkaleigusala og leigutaka. Starfsemi af þessu tagi eykst stöðugt á öllum sviðum þjónustustarfa. Við erum alltaf með snjallsíma í vasanum og því aukast möguleikar okkar á að tengja símann þjónustu- og greiðsluleiðum. Þannig er verið að umbylta því hvernig við verslum, neytum og eigum.

Á vefsetri sænsku samtakanna Unionen er að finna frásögn um Noel Reed sem býr og starfar í Texas. Starf hennar sýnir okkur hvernig framtíðin getur orðið, taki deiliahagkerfið öll völd. Noel Reed tengist netvangsfyrirtæki sem kallað er Mechanical Turk (Tyrkneska vélmennið). Heitið gæti virst út í hött en vísar til blekkinga-starfsemi á 18. öld. Uppfinningamaður hélt því fram að hann hefði fundið upp tölvu sem væri langt á undan sínum tíma, tæki sem gæti teft skák. Tölvann var stór viðarkassi sem hann kallaði Tyrkjann en athugun síðar leiddi í ljós að uppfinningamaðurinn hafði einfaldlega komið manni fyrir inni í skápnum. Hann sat og tefldi við fólk sem stóð gapandi yfir þessari miklu tækni. Starfsfólkið hjá Mechanical Turk er vélmenni okkar tíma og taka við þar sem tölvurnar verða að játa sig sigraða. Noel Reed tengist verkvanginum að morgni og fær verkefni, svo sem að slá inn hand-

skrifaðan texta, lesa prófarkir eða framkvæma einfaldar athuganir. Hún er bara með um 45.000 krónur í laun á mánuði og það er engin trygging fyrir því að hún fái verkefni. Hins vegar ræður hún betur sínum tíma heldur en hún hefði gert með því að þurfa að mæta á skrifstofu kl. átta alla morgna.

– Ég get unnið 12 tíma einn daginn, hafi ég ekkert annað að gera, og tekið mér frí ef með þarf næsta dag.

Þetta er í raun afturhvarf til þess hagkerfis sem einkenndi tímabilið rétt fyrir iðnbyltinguna þegar verksmiðjur pöntuðu sauma- eða vefnaðarverkefni eða annað handverk hjá verkafólki sem sat heima í herbergi eða á sínu eigin smáverkstæði og vann verkið þar. Þetta er fullkomlega dreift hagkerfi en einnig afturhvarf til ótryggari vinnumarkaðar.

»Það er sama hvað það er kallað þegar verktaki og verkkaupi ná saman með aðstoð apps/verkvangs, enginn vafi leikur á að vinnumarkaður framtíðarinnar er þegar fyrir hendi«, stendur skrifað á vefsetri Unionen.¹⁴

Staða launþegans í geira þar sem stöðugt fleiri starfa sjálfstætt er því mikilvægt umræðuefni.

Mjög mikilvægt er að setja lög og móta faglega stefnu á þessu sviði og það liggur á að það sé gert. Við verðum líka, hvað þetta varðar, að bregðast við innan ESB til þess að finna sameiginlega aðferð til að regluvæða nethagkerfið. Ástæðan er ekki síst að bæði nýja tækni og mörg fyrirtækjanna eru fjölþjóðleg.

Það skiptir í þessu samhengi miklu að gæta að því hvernig lögin verða og hvernig almennir samningar geta mætt vexti starfa af ofangreindu tagi sem tengd eru nethagkerfinu.

Nethagkerfið styrkir við þá tilhneigingu til aukin óöryggis á vinnumarkaði sem þegar hefur verið augljóst í um tvo áratugi. Svonefndum »viðkvæmum« störfum fer fjölgandi. Þar er átt við störf sem ekki tryggja þokkalegan lífsstaðal eða sanngjarnar lífsaðstæður. Það hafa alltaf verið til störf þar sem ráðningarformið er ótryggt

¹⁴ <https://unionenopinion.se/nyheter/plattformsekonomi-pa-1-minut/>

Þannig störf hafa þó á Vesturlöndum einkum verið í þjónustugeiranum þar sem konur eru í meirihluta, í smásölu að hluta til og á listræna sviðinu. Á undanförnum þremur áratugum hefur störfum með ótryggu ráðningarformi fjölgað mjög hratt í öllum geirum atvinnulífsins, í störfum þar sem karlar eru í meirihluta, í iðnaði og í opinbera geiranum. Og nú fjölgar einnig óöruggum störfum stjórnenda. Þar er til dæmis um að ræða fleiri stutt afleysingastörf, hlutastörf, verkefnabundnar ráðningar, skammtímaastörf með óljósum ráðningarskilmálum, vinnuveitendur sem sífellt ráða fleiri undirverktaka þrátt fyrir að í raun sé um fastráðningar að ræða, auk annars konar ráðninga þar sem hlutverk launþega og vinnuveitanda eru óskýr.

Mynstrið er svipað í öllum OECD-löndunum. Bandaríski félagsfræðingurinn Arne L Kalleberg lýsir því svo að við séum vitni að »endalokum öryggis eftirstriðsáranna fyrir bandaríska launþega«. Evrópsku verkalýðssamtökin ETUC fara fram á aukna félagslega umræðu til að takast á við ótryggar ráðningar sem stöðugt fer fjlgandi.

Fræðimaðurinn Mats Wingborg lýsir vinnumarkaði okkar tíma sem þrískiptum:

• Fyrsti hópurinn eru þeir sem að sinni hafa fullt aðgengi að félagslega verndarnetinu.

• Annar hópurinn eru þeir sem reka eigið fyrirtæki og starfsfólk fyrirtækja sem ekki hafa gert heildarsamninga. Félagslegt verndarnet þeirra er lakara.

• Þriðji hópurinn er svo vaxandi fjöldi fólks sem fætt er erlendis og hefur því ekki óskoraðan rétt til þjónustu velferðarkerfisins. Þar er að finna verkafólk sem flutt er inn frá þriðja landi, berjatínslufólk, fólk án skilríkja og árstíðabundið farandverkafólk.

Ótryggar ráðningar jukust hratt í tengslum við efnahagsáfall 10. áratugar og hafa síðan fest sig í sessi. Ástæðurnar eru einkum efnahagslegar breytingar og sú staðreynd að mörg norrænu landanna breyttu reglum svo auðveldara yrði að ráða fólk til tímabundinna starfa.

Við það bætist svo starfsfólk á vegum starfsmannaleiga. Það hefur gengið á ýmsu hjá norrænu ríkjunum að halda utan um þessi mál. Verkalýðssamtökunum í Svíþjóð hefur tekist að fá starfsmannaleigur til liðs við sig og fella þær undir almenna samninga.

Tengsl vinnuveitenda og launþega eru engu að síður af fjölmörgum toga spunnin. Eitt dæmi eru eigendur einkahlutafélaga sem ekki eru fastráðnir. Einnig fer fjlgandi einskonar verktökum sem eru á gráu svæði á milli þess að vera fastráðnir og hafa eigið fyrirtæki. Þeir reka ekki eigið fyrirtæki en eru þó hvorki fastráðnir né starfsmenn vinnumiðlana. Um er að ræða menn sem vinna verk fyrir þriðja aðila en eigið verktakafélag gerir reikning fyrir verkið gegn þóknun. Vinnuveitandinn ber enga ábyrgð vinnuveitenda.

Hættulegustu afleiðingar þessarar margþættu þróunar ráðningarforma eru það sem kallað er félagsleg undirboð. Með því er átt við að fyrirtæki og vinnuveitendur geta þrýst niður launum, starfskjörum og velferðarstigi með því að flytja framleiðsluna eða leita uppi starfskraft sem getur framleitt vöru eða veitt þjónustu gegn lægra verði eða með lakari starfs-skilyrðum en því sem annars væri hægt. Þannig skerpast andstæður í samfélaginu. Félagsleg átök aukast.

Öll reynsla sýnir að nær ómögulegt er að fá fólk með í stéttarfélög þegar það starfar á þennan hátt, landfræðilega dreift, með óörugga ef þá nokkra ráðningarskilmála og án þess að hafa tækifæri til að geta tryggt öryggi sitt og fjárhag með þátttöku í verkalýðssamtökum með sameiginlegum samningum og þeim málamiðlunum sem alltaf hafa verið sterkasta hlið þannig samtaka. Þróunin styrkir við kröfur um lögbundin lágmarkslaun sem myndu



setja norrænan vinnumarkað niður og í raun ógna norræna módelinu.

Stærsta verkefni stjórnmalanna og norrænna verkalyðssamtaka er að nýta sér þann nýskapandi kraft sem er að finna í deiliahagkerfinu og þann sveigjanleika sem einkennir sífellt stærri hluta efnahagskerfisins án þess að verða að hafna grundvallargildum um skilmála vinnumarkaðarins og þörf fólks fyrir öryggi. Það er með öðrum orðum þörf á tvöföldu framlagi. Það dugar ekki að segja: „Við ætlum að koma í veg fyrir breytingarnar“, jafnvel þótt það sé stundum líka nauðsynlegt.

Þegar öllu er á botninn hvolft mætti og ætti að stýra þessu með almennum samningum en það kallar einnig á umfangsmiklar aðgerðir til að draga úr umfangi viðkvæmra starfa.

Verkalyðshreyfingin þarf að starfa á pólitíska sviðinu til að draga úr fjölda óöruggra og tilfallandi starfa en hún verður líka að leggja sig meira fram um að ná þessum nýju þáttum vinnumarkaðarins undir regnhlíf sína. Verkalýðshreyfingin þarf að móta leiðir til þess að tryggja stöðu sína sem máttarstólpi í nýja samfélaginu. Í því felst meðal annars að vinna að því að heilsdagsvinna og fastráðningar séu viðmið vinnumarkaðarins. Skerpa verður

á reglum um opinber innkaup þar sem félagslegar kröfur eru fastur liður, meðal annars almennir samningar um kaup og kjör. Nauðsynlegt er einnig að gera grein fyrir því hvert hlutverk vinnuveitenda er í nýja hagkerfinu og þeim réttindum sem launþegar hafa. Hvað varðar nýja netþjónustu og -fyrirtæki í deiliahagkerfinu er ástæða til þess að gera greinarmun á netvöngum til þess ætluðum að miðla þjónustu á milli einstaklinga og þeim sem settir eru á stofn til þess í raun að ráða starfslið en nýta sér þá möguleika sem netið gefur til að losna við þá ábyrgð sem almennt fylgir því að hafa fólk í vinnu. Að því marki sem mögulegt er ætti að fella nýja hagkerfið undir gildandi lög og reglur um tengsl launþega og vinnuveitenda.

Það ætti einnig að koma af stað pólitískri og faglegri framrás til lengri tíma litið um skilmála atvinnulífsins, ekki síst gagnvart ungu fólki, með það fyrir augum að takast á við misræmi í efnahagskerfi nútímans.

Almennt séð þarf verkalyðshreyfingin að auka skilning sinn á bráðri þörf. Allir verða að gera sér grein fyrir því að það dugar ekki að starfa af gömlum vana (business as usual). Snúa þarf þróuninni við og það gerist ekki af sjálfu sér.



FOTO: MARKKU ULANDER/LEHTIKUVA/TT

ESB – Að finna jafnvægi á milli Evrópusambandsins og Norðurlanda

ESB hefur fjölgað aðildarríkjum sínum síðan á 10. áratug síðustu aldar og víkkað út hlutverk sitt sem pólitískt bandalag. Þessi þróun hefur að ýmsu leyti aukið möguleikana á að vinna með félagslegu víddina pólitískt séð og þar með að styrkja við norræna módelið. Rökin að baki því eru fremur einföld. Nauðsynlegt er að auka samstarf landa á milli í heimi þar sem landfræðileg landamæri gegna æ minna hlutverki hvað varðar viðskipti, samskipti og för fólks. Annars verður ekki hægt að leysa vandamál okkar tíma.

Þrjú af fimm norrænu löndunum eru í ESB. Noregur og Ísland standa þar fyrir utan en falla undir EES-samninginn um frjálsa för fólks, eina af grunnstoðum ESB og mikilvægan þátt í samþættingu Evrópuríkja. Sú frjálsa för hefur nú einnig valdið miklum þrýstingi á norræna módelið. Það er mikill munur á efnahagslegri stöðu ríkja innan ESB. Kaup og kjör eru allt önnur á Norðurlöndum en til dæmis í Búlgaríu eða Grikklandi.

Á undanförunum áratug hafa rúmlega 700.000 verkamenn frá nýjum aðildarríkjum ESB í Austur-Evrópu starfað á Norðurlöndum. ESB setti á 10. áratugnum

reglugerð um útsenda starfsmenn vegna borgara eins ESB-ríkis sem vinna í öðru ESB-ríki. Hún hefur löngum verið gagnrýnd fyrir að tryggja ekki starfsmönnum frá öðrum ESB-ríkjum eins kaup og kjör og starfsmenn í landinu þar sem þeir starfa. Kerfið gerði það að verkum að hætta var á félagslegum undirboðum. Í mars 2016 lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögu um að skerpa á kröfunum um samngjörn laun og haustið 2017 samþykkti ráðherraráð ESB tillöguna. Þegar nýju reglurnar taka að fullu gildi árið 2022 eiga erlendir starfsmenn að fá laun í samræmi við almenna samninga í því landi þar sem þeir starfa.

Þar með er búið að ryðja úr vegi einni stærstu áhættunni við frjálsa för fólks. Við eigum þó eftir að sjá hvaða áhrif nýju reglurnar hafa í raun. Norðurlönd ættu að vinna saman að því að gæta þess að nýju reglurnar uppfylli í raun það markmið að koma í veg fyrir undirboð launa þegar þær taka vildi. En jafnvel þótt reglurnar geti virkað eins og til er ætlast er langt frá því öruggt að farið verði eftir þeim, auk þess sem líklegt er að erlendir starfsmenn búi við lágmarkskaup og -kjör samkvæmt samningum en það getur í sjálfu sér líka leitt til félagslegra undirboða. Verkalýðsamtök Norðurlanda verða að fylgjast vandlega með þróuninni á þessu sviði og

halda áfram að krefjast þess að ESB beiti öllum tiltækum ráðum til að uppfylla kröfur um frjálsa för fólks og góð félagsleg skilyrði. Þar er meðtalið aukið eftirlit og kerfi til að tryggja að farið sé að reglum um vinnumarkaðinn. Verkalýðssamtök, vinnuveitendur og yfirvöld þurfa að efla samstarf sitt og stöðva óheildarlega og jafnvel svíksamlega aðila á vinnumarkaði. Þetta á bæði við um útsent starfsfólk og það nýja ótrygga ástand í atvinnulífinu sem fjallað var um í fyrri kafla.

Samhliða þessu þarf að halda áfram að vinna að því að styrkja hina félagslegu vídd ESB. Samfélagsleg vandamál af ýmsu tagi teygja sig stöðugt meira yfir landamæri og þess vegna væri það bakslag að hafna ESB sem verkfæri til að vinna gegn félagslegum undirboðum. Æðstu menn ESB hittust í nóvember 2017 til þess að ræða „félagslegu stoðina“ í ESB. Rædd voru 20 atriði sem varða réttmætari starfsskilyrði og aukna velferð. Við fögnum því að þessi stoð hefur verið tekin til umræðu á pólitískum vettvangi eftir nokkur ár þar sem efnahagsleg áfallahjálp og peningastefna hefur ráðið lögum og lofum í ESB-umræðunni. Ef þessar samræður halda áfram, bæði innan aðildarríkjanna og á vettvangi ESB, gæti það með tímanum styrkt norræna módelið. Spurningin um félagslegar reglur innan ESB er þó hálfgerður línudans. Héðan í frá skal tekið tillit til markmiða félagslegu stoðarinnar þegar framkvæmdastjórn ESB fjallar um efnahagsstefnu aðildarríkjanna en enginn þáttur stoðarinnar er þó nú bindandi fyrir aðildarríkin. Engin krafa er gerð um að þau uppfylli markmið um réttindi og velferð.

Norrænu verkalýðssamtökin leggja á það áherslu, líkt og flestir aðrir málsaðilar, að staðan verði áfram þannig, þrátt fyrir að verkalýðsfélög og framsæknir stjórnmalaflokkar á öðrum svæðum Evrópu vilji sjá auknar bindandi reglur um félagslegu kerfin. Hvað Norðurlönd varðar er vandamálið það að okkar módel um sameiginlega samninga snúast um það að forðast lagasetningu heldur láta aðila vinnumarkaðarins semja um fyrirkomulag

og reglur. Samþykki ESB bindandi kröfur, gæti það ógnað módelinu okkar. Í raun gæti það þýtt lægra launastig hér þrátt fyrir að stefna ESB sé alveg á hinn veginn.

Það væri hins vegar öfugsnúið að hafna algjörlega bindandi reglum á vegum ESB. Fæst lönd búa við þá sterku aðila vinnumarkaðarins sem Norðurlöndin hafa og þau búa áfram við samkeppni um kaup og kjör og þar með félagsleg undirboð svo lengi sem svo mikill munur verður á félagslegum skilyrðum innan ESB. Það hefur líka sýnt sig að fyrri ESB verkefni, þar sem sambandið setur markmið sem aðildarríkin fá að bregðast við að vild, hafa ekki reynst vera sérstaklega skilvirk hvað varðar að jafna mismun landa á milli.

Sennilega kæmi línudans á milli þessara tveggja ólíku stefna sér best fyrir norræna módelið. Nauðsynlegt er að tryggja ESB-reglur þar sem aðilar vinnumarkaðarins í hverju landi fyrir sig geta gegnt lykilhlutverki. Heildarsamningar eru of mikilvægir til þess að stefna þeim í hættu með stefnumörkun innan ESB. Þetta snýst ekki fyrst og fremst um völd verkalýðssamtakanna eins og ýmsir gagnrýnendur frá hægri eru vanir að halda fram. Málið snýst um að tryggja samfélagsmódel sem hefur um áratuga skeið mótað mörg af bestu samfélögum heims fyrir þá sem þau búa.

Á sama tíma getur reynst vera þörf fyrir lágmörk til þess að auka þrýsting á þau ríki sem ekki uppfylla félagsleg markmið ESB. Þau lágmörk verða þá að geta tryggt mikinn sveigjanleika hvað varðar aðferðir til að viðhalda þeim.

Að öllu samanlögðu er það einnig fyrir öllu að norrænu löndin vinni saman að stefnumörkun ESB um að verja norræna líkanið og þróa það innan ESB, ekki síst með því að læra af því sem gert í öðrum löndum og að kenna þeim um norræna módelið. Hvað þetta varðar eiga Norðurlöndin öll mikilla sameiginlegra hagsmuna að gæta og jafnvel þótt samstarfið hafi hingað til verið víðtækt er full ástæða til þess að leggja enn meiri áherslu á þau verkefni sem módelið kallar á og þá möguleika sem fyrir hendi eru til þess að þróa það áfram.

För fólks – Nýtum réttinn og samþættum

Fólk fer vitaskuld yfir landamæri annars staðar í heiminum en í ESB. För fólks er eitt af stóru viðfangsefnum heimsins alls. Þegar þetta er fært í letur er gert ráð fyrir að um 60 milljónir jarðarbúa séu á flóttu í heiminum. Fólk flýr stríð, hörmungar og fátækt til þess að móta sér og fjölskyldu sinni nýja og betri framtíð á öðrum stað. Þetta flóttafólk er að finna á grannsvæðum landa þeirra og svæða sem það flúði frá. Á hverju ári leita nokkur prósent alls flóttafólks til Evrópu og þar veldur koma þess pólitískum erfiðleikum. Hægriflokkar lýðskrumara hafa aflað sér aukins stuðnings á opinberum vettvangi með loforðum um að stoppa komu flóttafólks og lygum um að einmitt sú lausn myndi leysa flest önnur félagsleg vandamál samfélagsins.

Ekkert bendir þó til þess að draga muni úr för fólks. Ein ástæða er að bættar samgöngur hafa auðveldað fólki ferðir á milli landa og heimsálfa. Margt er sameiginlegt í menningu fólks og félagslegum tengslum, sama hvaðan það kemur, og það gerir fólki auðvelt fyrir að flytjast til annars lands til að vinna og móta sér framtíð. Önnur ástæða er loftslagsvandinn sem hrekja mun fleiri á flóttu. Að mati UNHCR, flóttamannastofnunar SP, verða 250 til 1000 milljónir manna á flóttu árið 2050 í beinu framhaldi af loftslagsbreytingunum. Þetta eru gríðarlega háar tölur.

Þessir fólksflutningar færa Norðurlöndum bæði flókin verkefni og stór tækifæri. Ein ástæðan er að norræna módelið hefur alltaf byggst á því að stór hluti íbúanna

sé í launavinnu og greiði skatta. Norrænu þjóðirnar eru þó að eldast og fæðingum fækkar hlutfallslega, þannig að hlutfall eftirlaunaþega hækkar. Færri þurfa að framfleyta fleirum og í mörgum starfsgreinum er nú rætt um vandann við að ná í hæft og vel menntað starfsfólk.

Aldursdreifingin er eitt af því sem segir okkur að þörf sé á innflytjendum. Innflytjendur auðga menningu okkar og þeirra er þörf svo hægt sé að viðhalda norræna módelinu. Margt mælir auk þess með því að erfitt sé til lengri tíma litið að loka landamærunum í samskiptasamfélagi okkar tíma. En þá verður að takast vel til með innflutning fólks, annars getur afleiðingin orðið samfélag mjög ólíkt því sem módelið var hannað fyrir.

Málefni flóttafólks og innflytjenda urðu helsta umræðuefnið í samfélögum okkar árið 2015 þegar straumur flóttafólks jókst, ekki síst vegna stríðsins í Sýrlandi og Írak. 1,3 milljónir manna leituðu þá hælis í ESB í heild sinni, tvöfalt fleiri en árið á undan. Svíþjóð tók við stærstum hópi flóttafólks eða rúmlega 160.000 manns. Noregur og Danmörk tóku við um 30.000 manns hvort land og Finnland um það bil helmingi færri. Reglunum var breytt umtalsvert eftir þetta þannig að umtalsvert færri flóttamenn koma hingað nú. Öll norrænu löndin standa þó frammi fyrir stórum verkefnum við að finna fólkinu stað í samfélögum sínum.

Fyrst þurfa menn þó að gera sér grein fyrir því að það er ekki til neinn einn og einsleitur hópur »innflytjenda«. Fólkið sem til Norðurlanda kemur þarf að fá tækifæri í þarf að fá tækifæri í nýja landinu. Tækifæri til að móta sér nýja framtíð en

Fólkið sem til Norðurlandanna kemur býr að mismunandi forsögu, menntun og starfsreynslu. Málið snýst um að gefa þessu fólki tækifæri í nýja landinu.

líka til að leggja sitt af mörkum fjárhagslega til samfélagsins og norræna móðelsins með vinnu og neyslu. Þetta kallar á mikinn tilkostnað hvað varðar stefnu á vinnumarkaði og eflingu starfshæfni.

Einnig er með þessu gerð krafa um öðruvísi lýsingu sem nær til allra á því í hvernig samfélagi við búum og í hvernig samfélagi við viljum búa. Þegar spurt er: »Hvers vegna talar enginn um kostnaðinn við innflytjendur«, má spyrja á móti: Hvers vegna talar enginn um efnahagslegan hagnað af innflytjendum?

Þegar sagt er að þrengja verði möguleikana á að komast inn í finnska, norska, sænska, danska og íslenska samfélagið til að loka fólk úti verða verkalýðssamtökin að vikka út umræðuna og hugtökin. Við eigum nú þegar heima í fjölmennings-samfélögum. Málið snýst ekki um það HVORT við ætlum að gera það áfram. Málið snýst um HVERNIG við fáum vinnumarkaðinn og almenna velferð til að virka í þágu allra sem búa í löndum okkar.

Mjög erfitt er að halda heildstæðu samfélagi þegar innflutningur fólks er óheftur. Ójöfnuður eykst. Vinnumarkaðurinn gliðnar. Það er því nauðsynlegt að stýra innflutningi fólks til þess að viðhalda grundvelli norræna móðelsins.

Ný staða á löggjafarþingum kallar á aukið samstarf

Eins og áður hefur komið fram byggðist vinnumarkaðsstoðin í norræna móðelinu í upphafi á því að til staðar væri á Norðurlöndum stöðugt og fyrirsjáanlegt þingræði þar sem til staðar væri pólitískur meirihluti og vilji til samninga og sameiginlegra lausna. Víðast hvar á Norðurlöndum ein-kenndust áratuginir eftir seinni heimsstyrjöld af tveimur stórum pólitískum hreyfingum eða flokkum. Oftast var um að ræða stóran sósíaldemókratískan flokk og stóran íhaldssaman/frjálslyndan flokk. Flokkakerfið hefur nú farið í gegnum stór breytingaskeið. Stóru flokkarnir sem áður voru kjarninn í hverri samsteypustjórn hafa minnkað. Sósíaldemókratískir flokk-

ar gátu í flestum norrænu landanna (að Finnlandi undanskildu) gert ráð fyrir rúmlega 40% stuðningi. Viðmiðið nú er frekar 20 til 30%. Stjórnmalaflokkum hefur fjölgað. Þjóðernisflokkar og lýðskrumsflokkar hægna megin í pólitíska litrófinu hafa náð fótfestu og eru nú oft þriðja aflið í stjórnmalum norrænu landanna. Á þingi sitja margir smáflokkar sem oft hverfa og nýir koma í staðinn. Andstæður hafa skerpst í allri samfélagsumræðu og það hefur áhrif á samsetningu löggjafarþinga og alla umræðu þar, auk þess sem ósætti hefur magnast.

Að öllu samanlögðu er orðið erfiðara að koma á fót stöðugum pólitískum meirihluta og nýir flokkar á þingi eru ekki alltaf jafn áfjáðir í viðtækt samkomulag og hinir eldri. Þessi staða færir norræna líkaninu nýjar áskoranir. Sé ekki til staðar áreiðanlegur viðsejandi á stjórnmalasviðinu eða hjá hinu opinbera hafa aðilar vinnumarkaðarins engan til að ræða við, alla vega geta þeir ekki treyst á það eins og áður að grundvöllur móðelsins verði virtur af stjórnmalakerfinu (það er að aðilar vinnumarkaðarins sjái að mestu sjálfir um ákvörðun kaups og kjara gegn því að þeir hafi örugga ramma til breytinga).

Ný staða þingræðisins á Norðurlöndum kallar á að þeir flokkar sem styðja forsendur norræna líkansins geti unnið saman í samsteypustjórn. Móðelið er háð því að til verði nýjar, sterkar og varanlegar meirihlutastjórnir. Þessu ætti að vera hægt að koma um kring. Margir flokkar hægna megin í pólitíska litrófinu styðja nú forsendur norræna móðelsins. Það þýðir þó ekki að hefðbundið samstarf margra verkalýðsfélaga og sósíaldemókratísku flokkanna sé ekki lengur mikilvægt. Þannig samvinna er enn fyrir hendi í flestum norrænu löndunum. Samtök stéttarféлага þurfa að hafa samstarfsaðila á þingi. Þótt dregið hafi úr stærð hreyfingarinnar er hún engu að síður mikilvægur þáttur stjórnála á Norðurlöndum. Missi verkalýðshreyfingin þessi tengsl, eykst hættan á því að það fjari undan grunnstöðum norræna móðelsins.

Það fækkar hlutfallslega í verkalýðs-samtökum – fáum fleiri félaga!

Í fyrri kafla var sýnt fram á hvað mikil þátttaka í verkalýðsfélögum hefur mikil áhrif á jöfnuð í landinu og á allt skipulag norræna móðelsins. Aukin þátttaka í verkalýðsfélögum styrkir norræna móðelið en það má einnig líta á hana sem afleiðingu þess. Orsakasamhengið gengur þar með öðrum orðum í báðar áttir. Það þýðir hins vegar að minnkandi þátttaka í verkalýðsfélögum er alvarleg ógnun við norræna móðelið.

Í Danmörku var þátttaka í verkalýðsfélögum mest árið 1995 en þá voru 73% launþega skráðir í verkalýðssamtök. Talan er nú komin niður í um 67% en þá eru meðtalin hin svonefndu »gulu« verkalýðsfélög sem ekki eiga aðild að neinum heildarsamtökum.

Í Finnlandi urðu einnig flestir félagar um miðjan 10. áratuginn en talan er nú komin niður í um 64%.

Um 62% starfsmanna eru félagar í einhverjum samtökum innan sænska alþýðusambandsins en þátttakan er um 74% hjá opinberum starfsmönnum. Í Alþýðusambandinu sænska hefur félögum fækkað um 15% miðað við 2006 þegar borgaraleg ríkisstjórn jók kostnað fólks við þátttöku í tryggingasjóðum vegna atvinnuleysis þannig að margir kusu að hætta sem félagar.

Þátttaka í stéttarfélögum hefur löngum verið minni í Noregi en annars staðar á Norðurlöndum. Hún var lengi á bilinu 50 til 60% en hefur undanfarin ár verið rétt tæp 50%. Þar með hefur verið stigið yfir mikilvæg mörk í Noregi.

Staðan er hins vegar allt önnur á Íslandi. Um 85% starfandi manna eru í stéttarfélögum og eru Íslendingar því í fararbroddi á heimsvísu hvað varðar lönd þar sem ekki er um skylduðild að ræða.

Tilhneigingin er engu að síður augljós: Það reynist stöðugt erfiðara að tryggja mikla þátttöku í verkalýðsfélögum. Þá fækkar í stéttarfélögum. Tilhneigingin er einnig að ýmsu öðru leyti augljós. Þátttaka er meiri í samtökum skrifstofumanna en

verkafólks og hún er líka meiri hjá þeim sem vinna hjá hinu opinbera en á einkamarkaði. Þátttaka er meiri hjá eldra fólki en því yngra og hjá þeim sem vinna í greinum með stórum vinnustöðum og mörgum fastráðnum starfsmönnum miðað við greinar þar sem vinnustaðir eru litlir og fólki frekar ráðið tímabundið eða með ótryggum skilmálum. Það liggur einnig fyrir að færri eru félagar meðal fólks af erlendu bergi brotnu en fyrir því eru einkum tvær ástæður. Þessir launþegar koma oft úr menningarheimum þar sem aðild að verkalýðsfélagi er ekki algeng, auk þess sem atvinnuleysi er hærra í þessum hópum og þeir sem þó fá vinnu eru oft ráðnir tímabundið eða með ótryggum skilmálum.

Það er fræðilega séð hægt að ímynda sér að þetta sé í raun ekki stórt vandamál hvað norræna móðelið varðar. Hugsanlegt er að heildarsamningar nái engu að síður til stærsta hluta vinnumarkaðarins. Það gæti verið hægt að viðhalda styrk verkalýðshreyfingarinnar sem hagsmunasamtaka launþega. Það er þó engan veginn hægt að treysta á það og heimskulegt að taka þá áhættu. Líklegast er að því fámennari sem verkalýðshreyfingin er, þeim mun auðveldara verði að setja spurningarmerki við mikilvægi hennar í norræna samfélagsmóðelinu. Það er einnig mikilvægt að slá því enn einu sinni föstu að það er ekki takmark í sjálfu sér að hafa sem flesta félaga í stéttarfélögum, jafnvel þótt öflug samtök séu mikilvæg. Málið snýst ekki síður um að öflug verkalýðssamtök hafa verið grundvallaratriði í því norræna móðeli sem hefur skilað svo góðum árangri á sviði velmegunar og velferðar sem raun ber vitni.

Því er krafan nú sú að samtökin geri sér grein fyrir því að staðan er orðin alvarleg. Svo getur virst í daglegu starfi að allt sé eins og það hefur alltaf verið. En heimurinn breytist og vinnumarkaðurinn með og verkalýðssamtökin verða að leggja sig betur fram um að fylgja þróuninni.

Í skýrslu Mars Wingborg um verkalýðssamtökin og framtíð norræna móðelsins er að finna ýmis atriði og tillögur um



aðgerðir til að afla nýrra félaga. Eitt þessara atriða er að gera sér betur grein fyrir þeim hættum sem stöðja að verkalyðshreyfingunni. Félögum hefur fækkað mörg undanfarin ár og ef menn halda að nóg sé að starfa áfram á sama hátt og hingað til segi ég bara: Það gengur alls ekki. Stéttarfélögin þurfa að standa sig betur í að útskýra kosti þess að vera félagi. Þar er bæði um að ræða kostina fyrir hvern og einn en líka það sameiginlega gagn sem samfélagið allt hefur af samtökunum. Samtökin verða einnig að auka skilning sinn á því hvers vegna fólk velur að gerast félagar. Mats Wingborg nefnir til dæmis að öflug starfsvitund stuðli að jafnaði að aukinni þátttöku jafnframt því sem flest stéttarfélög eiga með öðrum aðild að stórum heildarsamtökum þar sem öflug starfsvitund er ekki það mikilvæga við aðildina.

Svo er það auðvitað staðreynd líka að margir á vinnumarkaði koma sér ekki upp sterkri starfsvitund vegna aukins fjölda óörugggra starfa. Stéttarfélögin og verkalyðshreyfingin öll verður að finna

baráttuaðferð þar sem tekst að sameina baráttuna gegn ótryggum og óvissum skilmálum með leið til að fá þá til liðs við sig sem þátt fyrir allt eru í þeirri stöðu á vinnumarkaði. Þetta er lykilverkefni stéttarfélaga, eigi þeim að takast að þrauka.

Í því samhengi er einnig ástæða til að leggja áherslu á að mikil þátttaka í stéttarfélögum er ekki eingöngu á ábyrgð þeirra sjálfra. Forsendur fyrir aðild að stéttarfélögum breytast með pólitískum ákvörðunum og stjórnmálaflokkarnir verða í því sambandi að skoða hvaða verkfæri þau hafa í handraðanum til að styrkja norræna módelið.

Mats Wingborg kynnir í skýrslu sinni margar raunhæfar tillögur um hvernig stéttarfélög geta aflað sér fleiri félaga. Þar má nefna allt frá mikilvægi þess að styrkja innviði starfseminnar og valdefla þá félaga, trúnaðarmenn og starfsmenn sem vinna með þessi atriði til þess hve nauðsynlegt það er að fræða nemendur skóla um stéttarfélög. Í lok þessarar skýrslu er að finna allar tillögur Mats Wingborgs.



FOTO: VEGARD GRØTT/NTB SCANPIX

MÓDELIÐ ER SPRELLLIFANDI

– en það þarf að endurnýja það



FOTO: MASKOT



ALLAR RANNSÓKNIR Á norræna módelinu undanfarin ár komast að sömu niðurstöðu. Módelið stendur stöðugum fótum, nýtur meiri hylli og er umtalaðra en nokkru sinni fyrr. Sýnt hefur verið fram á að það virkar vel til að takast á við áskoranir hnattvæðingarinnar. Ákveðnar þróunartilhneigingar gera þó að verkum að gera þarf kröfu um endurnýjun og breytingar á því. Við höfum í skýrslu okkar reynt að benda á mikilvægustu þætti þessa og höfum tilgreint nokkrar tillögur sem stuðlað geta að því að styrkja módelið enn frekar.

Tvennt vitum við nú þegar með vissu. Í fyrsta lagi: Norræna módelið mun taka breytingum og grunnstoðirnar þrjár, skipulagður vinnumarkaður, almenn velferð og efnahagsstefnan, verða mikilvæg verkfæri í því ferli. Í öðru lagi: Norræna samstarfið er mikilvægt. Norðurlöndin öll búa að sameiginlegri reynslu og hafa í stórum dráttum eins samfélagsskipulag. Í því felst styrkur, bæði hvað varðar það að læra hvert af öðru og í alþjóðlegu samstarfi. *Nýtum okkur þann styrk!*

NOKKUR ATRIÐI TIL STYRKTA AUKINNI ÞÁTTTÖKU Í STÉTTARFÉLÖGUM

Úr skýrslunni Stéttarfélög og framtíð norræna móðelsins – skipulag og öflun nýrra félaga

Að gera sér grein fyrir aðsteðjandi hættum

Dregið hefur úr aðild að stéttarfélögum á Norðurlöndum (að Íslandi undan-teknu). Fækkunin hefur einkum orðið í alþýðusamböndum landanna (LO/SAK). Fækkunin hefur orðið enn meiri í öðrum Evrópulöndum. Skipulagi stéttarfélaga er nú ógnað. Jafnvel þótt félögum fjölgi þessa stundina eða þeir standi í stað, verða samtökin að vera meðvituð um meiriháttar tilhneigingar í alþjóðlegu samhengi. Menn verða að gera sér grein fyrir alvöru málsins.

Mikil þátttaka í stéttarfélögum er þáttur í sameiginlegri faglegri stefnu

Það verður að vera þáttur í sameiginlegri faglegri stefnu stéttarfélaga að fjölga félögum, jafnvel þótt aðrir þættir skipti miklu, svo sem að fylgja því eftir að heildarsamningar séu virtir, styrkja fagmenntun og styrkja stöðu launþega.

Nýtið ykkur faglegt mat, kosti aðildar og starfsvitund til að afla nýrra félaga

Geta samtaka til þess að afla nýrra félaga ræðst af þremur þáttum, stuðningi við faglega matsvinnu, að félaginn hagnist fjárhagsleg á aðild sinni og að stéttarfélagið efli starfsvitundina. Þessir þættir gegna þó mismunandi miklu hlutverki, allt eftir því um hvaða greinar eða stéttarfélög er að ræða.

Fleiri úrræði og aukin virðing fyrir starfi að málefnum stéttarfélaga

Stéttarfélög verða að leggja meiri áherslu á skipulagningu sína, það er fyrir öllu að forystumenn þeirra rökstyðji hvers vegna breytingarnar eru nauðsynlegar. Skipuleggjendur þurfa stuðning og leiðsögn með fræðslu og markþjálfun. Fáíð til liðs við ykkur við breytingarnar reynda samningamenn og komið á samstarfi við trúnaðarmenn stéttarfélaga á staðnum.

Forystumenn stéttarfélaganna verða að lýsa því ótvírætt yfir að starfinu við að afla nýrra félaga sé gefinn mikill forgangur.

Fagmennska við öflun nýrra félaga

Gera þarf mat á kynningarherferðum og aðferðum. Þannig má finslípa aðferðirnar og ná enn betri árangri.

Koma þarf á fundum talsmanna stéttarfélaganna og mögulegra félaga. Nýliðun skilar bestum árangri þegar fólk mætist augliti til auglitis.



Þau stéttarfélög sem náð hafa góðum árangri við öflun nýrra félaga þurfa að taka það að sér að styðja stéttarfélög sem eiga erfiðara uppdráttar.

Efla þarf gagnkvæm samskipti stéttarféлага, bæði innan einstaks ríkis og Norðurlanda í heild sinni, hvað varðar það verkefni að afla nýrra félaga og skipuleggja starfið.



Það er jafn mikilvægt að halda í skráða félaga og að afla nýrra

Það auðveldar stéttarfélögum að halda í félaga sína, hafi þau sett sér langtímastefnu og ákveðin markmið, hafi stjórn á hinum ýmsu stigum félagslífsins og endurskoði og einfaldi eftir megni stjórnunarhætti sína og starfshefðir.




Starf stéttarféлага að því að fækka ööruggum og ótryggum störfum

Stéttarfélagsaðild er hlutfallslega minni hjá launþegum í ótryggum bráðabirgðastörfum, svo sem við tímabundna ráðningu og hjá starfsmannaleigum. Hagsmunir stéttarféлага eru þeir að draga sem mest úr aukningu bráðabirgða- og ótryggra starfa.

Lægri og jafnari greiðslur í atvinnuleysissjóði

Dregið hefur úr tengingu atvinnuleysis-sjóða og stéttarfélagsaðildar í Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi og það hefur dregið hlutfallslega úr fjölda skráðra í stéttarfélögum. Það er fyrir öllu að stuðla að opinberri framlagi í kerfi atvinnuleysis-sjóða og framlög sem stuðla að jöfnun gjalda í mismunandi starfsgreinum (þannig að ekki verði mjög há gjöld í starfsgreinum þar sem atvinnuleysi er mikið).




Réttur til að draga stéttarfélagsgjöld frá skatti

Gera þarf nauðsynlegar lagabreytingar, sem snúast um fleira en rétt til að draga aðildargjöldin frá skatti, til að efla forsendur fyrir starfi stéttarféлага. Norræn samtök stéttarféлага ættu að berjast fyrir breytingum af því tagi.



Aukið faglegt samstarf á Norðurlöndum um stéttarfélög og aðild að þeim

Auka þarf samstarf um hugmyndir og tillögur um hvernig hægt sé að standa að skipulagi og nýliðun stéttarféлага og hvernig menn hafa beitt ýmsum aðferðum hjá öðrum samtökum. Það þarf ekki síst aukna miðlun hugmynda innan Norðurlanda hvað varðar skipulag stéttarféлага.



NOKKRAR STEFNU-MARKANDI PÓLÍTÍSKAR AÐGERÐIR SEM STYRKT GETA NORRÆNA MÓDELIÐ

Úr skýrslunni En progressiv arbetslivspolitik – den nordiska modellens utmaningar (Framsækin stefna á sviði atvinnulífsins – viðfangsefni norræna móðelsins)

Virkjum pólitíska krafta

Samþykkja þarf fjölbreytileg verkefni til þátttöku til þess að efla traust á milli yfirvalda og samfélagsins, þannig að fólki finnist það eiga hlut að máli. Það styrkir lýðræðið og félagslega vídd stjórnmalanna þegar fleiri kunna meira og taka þátt í starfinu.

Endurnýja þarf stjórnmalaflokkana. Í raun þarf að laga stjórnmalaflokkana að nútímanum með nýjum samskiptaleiðum. Flokkarnir verða að vera opnari og móttækilegri fyrir félögum sem ekki hafa viljað helga sig starfinu. Lykillinn að félögunum er sá að einbeita sér að öflun nýrra félaga.

Minnska þarf muninn á stöðu karla og kvenna í atvinnulífinu

Yfirskipað markmið er að minnska muninn á stöðu karla og kvenna hvað varðar völd og áhrif í samfélaginu, staða, völd og laun í atvinnulífinu og ábyrgð á fjölskyldu og heimili.

Um fjöllum um kynferðislega áreitni (#metoo) er einnig lýsandi fyrir starfsskilyrði og valdahlutföll í atvinnulífinu. Beita þarf lögum gegn mismunum og framfylgja þeim.

Við þurfum að setja okkur markmið um að draga úr launamun karla og kvenna og þá mismunum sem felst í mati á gildi starfa kvenna.

Samþætting á vinnumarkaði

Norræna móðelið stendur og fellur með getunni til að samþætta nýja hópa á vinnumarkaði.

Mikilvægt er að vinna gegn allri mismunum, hvort sem hún er á grundvelli þjóðernis eða af öðrum toga (á grundvelli kyns, aldurs, kynhneigðar eða líkamlegrar skerðingar).

Málið snýst í raun um að vinna áfram á grundvelli hæfnistefnu norræna móðelsins og ekki síst að stytta biðtímann eftir starfi á milli byrjendakynninga og sértækrar fagmenntunar.

Hægt er að stytta biðtíma eftir starfi með viðurkenningu á þeirri menntun sem til staðar er og hraðbrautum.

Móta þarf stuðning af ýmsu tagi til fjölgunar á vinnumarkaði þannig að það kippi ekki fótunum undan heildarsamningakerfinu og myndi láglaunageira.



FOTO: SCANDINAV

Mikilvægi þríhliða samstarfs

Nauðsynlegt er að vinna þeirri skoðun brautargengi að þríhliða samstarfið hafi verið mikilvæg forsenda þess að geta tekist á við og leyst úr áföllum og breytingum.

Leggja ber áherslu á að kynna þríhliða samstarfið sem mikilvæga forsendu þess að móta þróun starfshæfis sem þörf er fyrir hjá starfsskröftum á vinnumarkaði framtíðarinnar. Þríhliða samstarfið og umræður gegna einkum mikilvægu hlutverki í stafrænni byltingu og umskiptum okkar daga.

Hið opinbera þarf að bjóða aðilum vinnumarkaðarins til viðræðna um málefni sem varða menntun, framleiðni, stefnumótun á vinnumarkaði og breytingar.

Styrkjum skipulag heildarsamninga

Taka ber upp og auka við afslætti á sköttum vegna stéttarfélagsgjalda.

Samfélagið ætti að styrkja fræðslu fyrir faglega trúnaðarmenn sem vinna við málefni sem varða aukið hæfi, nám og tryggingamál.

Gera verður skarpan greinarmun á lögum og samningum. Nota skal félagslegar tryggingar og aðrar pólitískar ákvarðanir til að auðvelda gerð heildarsamninga og styrkja tengsl aðila vinnumarkaðarins.

Þess þarf að krefjast að nemendur fái með kennslunni leiðbeiningar um starf stéttarfélaga og hvaða hlutverki þau gegna á vinnumarkaði. Stéttarfélögin bera einnig sjálf ábyrgð á miðlun upplýsinga til skóla og að sinna þeim.

Barátta gegn félagslegum undirboðum

Það þarf að vera sameiginleg stefna og markmið norrænu landanna að fyrirtæki með útsenda starfsmenn geti ekki keppt á sviði launa og verðs.

Sameiginleg norræn stefna verður að snúast um að efla möguleika til aðgerða í hverju landi fyrir sig til að vernda norrænu vinnumarkaðsmódelin og að fagleg réttindi og skipulag heildarsamninga verði ekki meginreglum markaðsaflanna að bráð.

Við þurfum að skerpa á opinberri innkaupastefnu og krefjast heildarsam-

inga að því marki sem mögulegt er.

Ákveðinn hluti starfsfólks í útsendum fyrirtækjum á að vera fastráðinn. Gera skal kröfur um hæfi og eftirlit í innkaupaferlinu áður en fyrirtæki fá tækifæri til að taka þátt í opinberum innkaupum.

Almenna reglan þarf að vera sú að yfirverktaki beri einnig ábyrgð á launum og starfsskilyrðum hjá undirverktökum.

Auka þarf eftirlit með því að farið sé að lögum og reglum í formi aukins samstarfs ríkis, skattyfirvalda, eftirlitsaðila með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum og aðila vinnumarkaðarins.

Vinum gegn klofningi og togstreitu

Viðmiðið á að vera heilsdagsstarf og fastaráðning. Setja þarf viðmið um að aðeins ákveðin hundraðshluti starfsfólks megi vera ráðinn tímabundið. Það verða að vera eðlilegar ástæður fyrir tímabundnum ráðningum.

Ekki ætti að vera leyfilegt að ráða fólk tímabundið ítrekað til þess að komast hjá fastráðningu. Takmarka þarf ráðningar fólks í gegnum starfsmannaleigur. Ekki ætti að ráða fólk í gegnum starfsmannaleigur í störf sem ekki eru tímabundin. Stéttarfélög ættu að þurfa að staðfesta ráðningar í gegnum starfsmannaleigur.

Endurskoðið lögin þannig að ekki sé hægt að fara í kringum hlutverk vinnuveitandans í internetfyrirtækjum til þess að tryggja atvinnuskilyrði starfsfólksins.

Sættið ykkur ekki við daglaunakerfi, þá tekur starfsfólkið alla áhættuna og ber alla ábyrgð.

Nútímaleg og uppfærð atvinnustefna

Við munum þurfa að vinna lengur til að geta fjármagnað velferðina, ekki síst vegna þess að meðalaldur fer hækkandi.

Verkalýðshreyfingin þarf að móta sér stefnu varðandi tengslin á milli vinnu og frítíma. Oft fylgir því streita að ná að sinna öllum verkefnum sínum, heimili og frítíma.

Aðalmarkmiðið hlýtur að vera að deila vinnutímanum á sem réttlátastan hátt. Í því felst einnig mikilvægt verkefni hvað

varðar stefnuna um réttláta skiptingu.

Það að fækka ótryggum ráðningum og hlutastörfum er stórt skref í átt til þess að koma þessu um kring.

Öryggi í aðlöguninni

Norræna módelið getur ekki síst rakið velgengi sína til starfa að hæfnipróun og símenntun. Þetta á bæði við um efnahaginn og góð lífsskilyrði borgaranna. Áherslan á hæfi gegnir lykilhlutverki við að takast á við þá samþættingu sem aukinn innflutningur fólks kallar á.

Stafvæðingin gerir auk þess auknar kröfur til áframhaldandi þróunar hæfis. Þetta ætti einnig að standa þeim til boða sem þegar eru í vinnu.

Prófa þarf og innleiða ýmsar skipulagðar leiðir til þess að að efla hæfni fólks. Ríkið getur á því sviði einnig boðið aðilunum stuðning og samstarf. Hin Norðurlöndin gætu sótt sér innblástur í danska fyrirkomulagið.

Gildi og inntak starfsins

Verkalýðshreyfingin þarf að hefjast handa með faglega og pólitíska sókn sem dregur fram og bætir skilyrði í atvinnulífinu og stuðlar að góðu starfsumhverfi. Einkum þarf að taka til meðferðar starfsskilyrði ungs fólks sem oft eru ótrygg.

Verkalýðshreyfingin þarf að leggja áherslu á að gott starfsumhverfi og -skilyrði ásamt möguleikanum á því að hafa áhrif á og skipuleggja verkefni stuðlar að betra lífi, aukinni sköpunargleði og betri efnahagslegri þróun.

Það er tilhneiging til þess að raunverulegur starfstími sé án takmarkana. Setja þarf skýrar reglur um það hvenær og hvar verkin skulu unnin.

Fastsetja skal áætlanir og ábyrgð vinnuveitenda á heilbrigði, öryggi, starfsumhverfi, endurhæfingu og fyrirtækjaheilsugæslu í lögum, reglugerðum.

Nútímaleg stefna á sviði atvinnulífs og nýsköpunar

Norðurlöndin þurfa að móta stefnu um að þróa atvinnulíf sitt. Það er forsenda almennrar velferðar en líka jafnvægis í efnahagsþróun og góðra atvinnutækifæra.

Aðilar vinnumarkaðarins og ríkið þurfa að vinna saman að því að móta nútímalega stefnu á sviði iðnaðar og atvinnulífs.

Norðurlöndin verða að fjárfesta meira í samgöngum, húsnæðismálum og innviðum á næstu árum. Hér verða stjórn-málamenn að setja markið hærra.

Næsta stig snýst um að fella aðlögun að loftslagsbreytingum að öllum þáttum framleiðslu, dreifingar og neyslu.

Norræna víddin

Nauðsynlegt er að samhæfa betur skoðanamyndandi kynningu á norræna módelinu.

Framsækna norrænar hugveitur geta myndað samstarfsnet um þekkingaröflun og skoðanamyndun, ekki síst með það fyrir augum að orða hugmyndir og áætlanir um efnahagsstefnuna til framtíðar. Þróum rannsóknir á atvinnulífi Norðurlanda.

Norðurlandaráð getur jafnóðum fylgst með málefnum norræna vinnumarkaðarins innan ESB og alþjóðlegra stofnana.

Hollustueiður skyttanna þriggja ætti ætíð að einkenna norrænt samstarf:

»Einn fyrir alla. Allir fyrir einn.«

Þeim ber einnig að verja þá leið sem hvert land fyrir sig kys að fara, ekki síst innan alþjóðlegra stofnana.



FOTO: JÖRGEN WIKLUND/SCANDINAV

**FÉLAGAR Í
VIÐMIÐUNARHÓPI NORRÆNA
MÓDELSINS**

Henriette Mortensen, LO Danmörku

Niels Munch Kofoed, LO Danmörku

Kim Bonde Hansen, Socialdemokratiet Danmörku

Katja Kaivonen, SAK Finnlandi

Antti Alaja, Kalevi Sorsa Foundation Finnlandi

Henný Hinz, ASÍ Íslandi

Stein Reegård, LO Noregi

Kristine Kallset, Arbeiderpartiet Noregi

Arild Grande, Arbeiderpartiet Noregi

Berit Örtell, Socialdemokraterna Svíþjóð

Katarina Berggren, Socialdemokraterna Svíþjóð

Mikael Nilsson, LO Svíþjóð

Jan-Erik Støstad, Samak Noregi

Silje Rygland, Samak Noregi

**Skýrslunum er hægt að hlaða niður á
www.tankesmedjantiden.se og www.samak.info**

**Þessi skýrsla er unnin að frumkvæði og fjármögnuð af Samak
– samstarfsvettvangi alþýðusambandanna
og jafnaðarmannaflokkanna á Norðurlöndum.**

www.tankesmedjantiden.se

info@tankesmedjantiden.se

© Jesper Bengtsson och Tankesmedjan Tiden, Stockholm 2018

Grafísk formgivning: Gunilla Eklund-Berglöw

Tryck: Linderöths tryckeri, Vingåker

ISBN: 978-91-88224-57-6

